

# **Aðgát skal höfð í nærveru sálar**

**Skóli án aðgreiningar í New Brunswick, Kanada**



**Námsferð skólastjóra, fulltrúa fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur  
till New Brunswick, Kanada 10.-17. apríl árið 2000**

**Fræðslumiðstöð Reykjavíkur  
2000**

## Útdráttur

- ⇒ Skóli án aðgreiningar grundvallast á þeirri kenningu að allir geti lært en fólk læri á mismunandi hátt, að öllum börnum gefist kostur á að stunda nám í almennum bekk með jafnöldrum í heimaskóla; að allir læri samkvæmt einstaklingsáætlun; að öll börn taki þátt í félagsstarfi; að öll njóti þau góðs af samstarfi heimilis, skóla og hverfis síns og að kennarar vænti mikils af öllum nemendum sínum.
- ⇒ Breytt skipan sérkennslu í New Brunswick felst í að nemendur með sérþarfir stunda nær undantekningarlaust nám í almennum bekkjum í heimaskóla og fá þar viðeigandi kennslu (e. full inclusion). Þetta á stoð í lögum frá 1986 sem ætlað er að bæta nám allra nemenda. Þörfum nemenda sem eiga auðvelt með nám er því einnig mætt.
- ⇒ Framkvæmdin felur í sér að allir almennir skyldunámsskólar í New Brunswick eru nú reknir án aðgreiningar með áherslu á gildi margbreytileikans fyrir samfélagið.
- ⇒ Meginforsenda þess að kennari geti tekist á við að kenna öllum í svo getublönduðum hópum er gagnkvæmur, reglulegur stuðningur og ráðgjöf innan veggja skólans og aðstoð fræðsluskrifstofu o.fl. eftir þörfum. Sérstök áhersla er lögð á að veita bekkjarkennara ráð varðandi framkvæmd kennslunnar. Kennari á aðgang að ráðgjöf innan skólans sem byggir á samvinnu (e. collaborative consultant), þ.e. kennarar styðja kennara. Bekkjarkennarinn ber ábyrgð á nemendum í námsvanda.
- ⇒ Lausna- eða stuðningsteymi er í öllum skólum (e. problem solving teams).
- ⇒ Aðferða- og úrræðakennari (e. method and resource teacher) er í öllum skólum, námsráðgjafar og stuðningsfulltrúar miðað við ætlaðar þarfir.
- ⇒ Stuðningur við nemendur með alvarlegan hegðunarvanda byggir á atferlismótun með aðstoð atferlisráðgjafa og atferlisþjálfara.
- ⇒ Mikil áhersla er á faglega forystu stjórnenda skóla og á símenntun starfsfólks.
- ⇒ Áhersla er lögð á heillavænlegt og hvetjandi námsumhverfi og að námsaðferðir, kennsluhættir og verkefni séu löguð að sérhverjum nemanda. Starfshættir taka m.a. mið af kenningum um fjölgreind barna, áhersla er á fjölbreytt námsefni og kennsluáðferðir, á námsaðlagða kennslu (e. multi-level instruction) m.a. með einstaklingsnámskrá, þó þannig að allur bekkurinn fæst við sama viðfangsefnið sem lagað er að getu og styrk hvers og eins.
- ⇒ Önnur námsúrræði (e. alternate education services), aðallega fyrir nemendur á unglunga- og framhaldsskólastigi, eru rekin jafnhliða skóla án aðgreiningar. Þau eru af ýmsum toga og starfa á mismunandi forsendum. Má þar nefna námsver, hæfingar- og meðferðarskóla, sumarskóla, heimakennslu o.fl. Úrræðin eru fyrst og fremst hugsuð sem tímabundin lausn fyrir nemendur í miklum náms- eða félagslegum vanda.
- ⇒ Viðast hvar annars staðar í hinum vestræna heimi er algengasta framkvæmd kennslu nemenda með miklar sérþarfir (þ.m.t. fötlun) sú að þeim er kennt í sérskólum eða sérdeildum með einhvers konar blöndun inn í almenna skóla líkt og verið hefur hér í Reykjavík (e. selective and conditional inclusion).
- ⇒ Í New Brunswick hefur verið sammælt um að þótt námslegum þörfum nemenda sé vel sinnt í sérskólum og sérdeildum sé auðveldara að rækta félagsþroska þeirra í skólum án aðgreiningar.

# **Aðgát skal höfð í nærveru sálar**

## **Skóli án aðgreiningar í New Brunswick, Kanada**

Námsferð skólastjóra, fulltrúa fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur til New Brunswick í Kanada dagana 10.-17. apríl 2000

Höfundur skýrslu  
Elín G. Ólafsdóttir

Ritstjórn  
Gerður G. Óskarsdóttir  
Erna Sveinbjarnardóttir  
Ragnar Þorsteinsson

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur  
2000

# Efnisyfirlit

<b>FORMÁLI FRÆDSLUSTJÓRA .....</b>	<b>1</b>
<b>I. INNGANGUR .....</b>	<b>2</b>
<i>Aðdragandi – Viðfangsefni.....</i>	2
<i>Áfangastaður – New Brunswick.....</i>	2
<i>Þróunarverkefni OECD/CERI.....</i>	3
<i>Undirbúningur.....</i>	4
<i>Ferðahópurinn .....</i>	4
<i>Óskalisti um inntak ferðar.....</i>	5
<i>Dagbók.....</i>	6
<b>II. LAND OG ÞJÓÐ – KANADA OG NEW BRUNSWICK.....</b>	<b>9</b>
KANADA OG HEIMANFARARNIR.....	9
<i>Kanada – Ísland og strengir bærast.....</i>	10
<i>Bönd Íslands og Kanada samofin í árpúsund .....</i>	11
UPPHAF HNATTVÆÐINGAR NÚTÍMANS.....	12
<i>Að finna og nema land .....</i>	13
<i>„Örfáar ekrur af snjó“ .....</i>	14
<i>Hrakningar „fyrstu þjóðarinnar“ .....</i>	15
<i>Verndarsvæði Heilagrar Maríu .....</i>	15
<i>„Sannleikurinn mun gera yður frjálsa“ .....</i>	16
FRÍÐRIKSBÆR ER SNJALL BÆR.....	18
RÆTUR .....	19
<b>III. SKÓLAKERFI KANADA – NEW BRUNSWICK.....</b>	<b>20</b>
SAMBANDSLÝÐVELDI – RÍKISLÖG – LÖG SJÁLFSTJÓRNARHÉRAÐA .....	20
<i>Ríkislög.....</i>	20
<i>Skólakerfi Kanada.....</i>	21
<i>Lög sjálfstjórnarhéraða.....</i>	22
<i>Skólakerfi í New Brunswick.....</i>	23
SALAMANCA - YFIRLÝSINGIN .....	25
<i>Úr aðalnámskrá grunnskóla á Íslandi frá 1976.....</i>	27
<b>IV. SKÓLI ÁN AÐGREININGAR Í NEW BRUNSWICK.....</b>	<b>29</b>
<i>Aðdragandi.....</i>	29
<i>Frumvarp til laga – Bill 85 .....</i>	32
<i>Ein lög fyrir alla nemendur í skyldunámi frá 1986.....</i>	32
FRAMKVÆMD – SKÓLI ÁN AÐGREININGAR Í REYND .....	34
<i>Leiðarljós .....</i>	34
<i>Breytingar.....</i>	35
<i>Stuðningsaðgerðir í skóla án aðgreiningar .....</i>	36
<i>Atferli, agi og atferlismótun .....</i>	40
<i>Heillavænlegt námsumhverfi.....</i>	41
<i>Ýmis námsúræði og kennsluþjónusta.....</i>	42
<i>Samvinna skóla, félagsþjónustu og heilbrigðiskerfis .....</i>	44
<i>Stuðningur frá fræðsluskrifstofu.....</i>	45
<i>Fjármögnun.....</i>	46

<b>V. SAMANTEKT – SAMANBURÐUR</b> .....	<b>47</b>
<i>Nánast allir nemendur í almennum bekk í heimaskóla</i> .....	47
<i>Kennarar hjálpa kennurum skipulega</i> .....	47
<i>Atferlispjálfun við hegðunarfunda</i> .....	48
<i>Lagaraminn svipaður</i> .....	48
<i>Fjármagn til sérkennslu hluti af heildarfé skóla</i> .....	49
<i>Utanaðkomandi ráðgjöf</i> .....	50
 HEIMILDIR .....	 51
 FYLGISKJAL 1 BILL 85 – LÖG 1986 .....	 53
FYLGISKJAL 2 „FARSÆLASTA FRAMKVÆMD SKÓLA ÁN AÐGREININGAR“ .....	56
FYLGISKJAL 3 SVEIGJANLEIKI – ÞREP – GETUSKIPTING – TÍMABUNDIN RÖÐUN .....	61
FYLGISKJAL 4 VEGVÍSIR SKÓLA ÁN AÐGREININGAR .....	64

## Formáli fræðslustjóra

Árleg námsferð fræðslustjóra og skólastjóra var á þessu ári farin til New Brunswick í Kanada og var þema ferðarinnar kennsla nemenda með sérþarfir, bæði námslegar og félagslegar. Þetta þema varð fyrir valinu þar eð nýlega er lokið umfangsmikilli rannsókn á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur og er ætlunin að byggja endurskoðun á sérþjónustu í skólum borgarinnar m.a. á niðurstöðum þeirrar rannsóknar.

Námsferðir skólamanna til annarra landa eru liður í símenntun þeirra og gegna mikilvægu hlutverki í starfi grunnskóla borgarinnar. Þær auðvelda þeim sem annast yfirstjórn skóla að fylgjast með því sem best gerist meðal annarra þjóða en megintilgangur ferða til annarra landa er að bæta jafnt og þétt námsaðstæður nemenda í grunnskólum Reykjavíkur.

Í ferðum eins og þeirri sem hér er sagt frá lærum við af öðrum þjóðum, getum borið störf okkar saman við það sem þar er gert og oft á tíðum samfærst um að við stöndum öðrum þjóðum frammar á ýmsum sviðum skólamála.

Mikilvægt er að námsferðir sem þessar séu vel undirbúnar til að þær skili árangri. Það átti sannarlega við um þá ferð sem hér er sagt frá. Við kynntumst góðu skipulagi á stuðningi við nemendur með sérþarfir og gagnlegt er að kynna þær einmitt nú á sama tíma og niðurstöður könnunar á sérkennslu í Reykjavík eru birtar.

Það er sannfæring mín að áhrifa ferðarinnar muni gæta í starfi grunnskóla Reykjavíkur í náninni framtíð, nemendum okkar til hagsbóta.

Reykjavík, 1 september 2000  
Gerður G. Óskarsdóttir

# I. Inngangur

*Hér er greint frá aðdraganda ferðar, viðfangsefni og áfangastað, undirbúningi, þátttakendum, óskum um inntak ferðar og dagskrá.*

## *Aðdragandi - Viðfangsefni*

Viðfangsefni námsferðar skólastjóra erlendis á þessi ári var að kynna fyrirkomulagi sérkennslu, með sérstakri áherslu á að fræðast um skóla án aðgreiningar (e. inclusion). Að fengnum góðum ráðum ýmissa aðila, m.a. sérkennslufulltrúa ríkisins og háskólakennara á þessu sviði, og eftir nokkur skoðanaskipti væntanlegra þátttakenda var ákveðið að fara til Fredericton, New Brunswick í Kanada.

Hvorki viðfangsefni né staðarval var tilviljun. Stór hluti starfs skólastjóra fer í að sinna málefnum sem tengjast nemendum með sérþarfir af einhverju tagi. Sérkennsla í skólum borgarinnar hefur einnig nokkuð lengi verið í sama farinu. Því var nýverið gerð könnun á framkvæmd sérkennslu í Reykjavík með endurskoðun í huga, ef þurfa þykir<sup>1</sup>

Í nýrri aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins eru og tekin af öll tvímæli um rétt allra nemenda til að stunda nám í almennum grunnskóla, án tillits til sérþarfa<sup>2</sup>. Hér er vandasöm framkvæmd á ferð sem leggur okkur þær skyldur á herðar að fylgjast grannt með því sem markvert telst í sérkennslu hér og erlendis.

## *Áfangastaður – New Brunswick*

Ákvæði um skóla fyrir alla, í nýrri aðalnámskrá hér á landi er í samræmi við ákvæði samþykktar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem við erum aðilar að, og nefnist *Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir*. Yfirlýsing þessi var samþykkt á ráðstefnu í Salamanca á Spáni árið 1994.<sup>3</sup> Í Salamanca-yfirlýsingunni og rammaáætlun um aðgerðir, til að koma á skóla án aðgreiningar, er ítrekaður réttur hvers einstaklings til menntunar. Í því efni er skírskotað til Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 þar sem staðfest eru fyrirheit sem samfélag þjóðanna gaf þar um árið 1990.

New Brunswick í Kanada varð fyrir valinu til kynnisferðar skólastjóra og fræðslustjóra nú þar eð sögur fara af framsækni þeirra í kennslu nemenda með sérþarfir. Í New Brunswick hafa m.a. verið í gildi lög frá árinu 1986 sem kveða á um samkennslu allra nemenda í skyldunámsskólum án tillits til sérþarfa á sviði menntunar, þ.e. skóli án aðgreiningar. Ferð til að kynna þvi hvernig þeir leysa þessi mál var því afar áhugaverð.

<sup>1</sup> Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur. Könnun á fjölda nemenda, ástæðum, kennslufyrirkomulagi o.fl. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 2000.

<sup>2</sup> Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, Menntamálaráðuneytið, 1999.

<sup>3</sup> Salamanca-Yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir, Menntamálaráðuneytið, 1995.

## *Þróunarverkefni OECD/CERI*

Sjálfsstjórnarhéraðið New Brunswick hefur í áráraðir tekið þátt í OECD/CERI þróunarverkefni á vegum Evrópuráðsins undir heitinu *Virkt líf fatlaðra ungmenna – Samskiptan í skóla* – (e. *Active Life for Disabled Youth – Integration in the School*). Kunnugir telja að þeir í New Brunswick hafi náð langt í að framkvæma verkefnið. Tilgangur ferðarinnar var að sannreyna hvernig tekist hefur í raun að leggja smám saman niður alla sérskóla og sérdeildir og skipa öllum nemendum í almennum skólum á sama bekk, án tillits til sérþarfa.



Undirbúningsfundur í Langholtsskóla.

## *Undirbúningur*

Við undirbúning ferðarinnar átti fararstjóri samstarf við The Department of Education, í Fredericton, New Brunswick í Kanada, þ.e. ráðuneyti menntamála. Undirbúningur í Kanada var aðallega í höndum tveggja aðila, þeirra Robert E. Gerard (Assistant Director, of Curriculum, Students Services) og Kate McLellan (Consultant for Students with Exceptionalities, Student Service Branch), sem var aðaltengiliður okkar. Erindi okkar var vel tekið frá upphafi, tengiliðir sögðust kátir yfir komu okkar og mundu stuðla í hvívetna að árangursríkri ferð. Það gekk vissulega eftir.

Til að auðvelda undirbúning í Kanada var sendur út listi með atriðum sem við lögðum sérstaka áherslu á að fá svör við, ásamt beiðni um að fá að hitta fræðslufirvöld og heimsækja skóla til að gaumgæfa framkvæmdina. Spurningalistinn var unninn með það í huga að auðvelda gestgjöfum undirbúninginn og gera ferðina sem árangursríkasta. Það kom enda í ljós að listinn góði gerði ráðuneytinu auðeldara um vik að mæta óskum okkar og í reynd röktu þeir sig nánast eftir listanum lið fyrir lið. Auk þess kvöddu þeir á vettvang prófessor Gordon L. Porter, fyrirverandi stjórnanda í fræðsluumdæmi 12 í New Brunswick, en hann var einn af aðalflugmyndafræðingum að baki innleiðingar skóla án aðgreiningar þar og driffjöður verksins fá upphafi. Hann hefur nú flutt sig um set og er prófessor við bandarískan háskóla. Þarna var gott dæmi um gestrisni þeirra og alúð við móttöku hópans.

## *Ferðahópurinn*

Þáttakendur í námsferð til Kanada dagana 10. - 17. apríl 2000:

1. Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri
2. Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs
3. Elín G. Ólafsdóttir, fararstjóri
4. Einar Magnússon, Hagaskóla
5. Erna M. Sveinbjarnardóttir, Langholtsskóla
6. Guðlaug Teitsdóttir, Einholtsskóla
7. Guðmundur Ingi Leifsson, Dalbrautarskóla
8. Helgi Árnason, Rimaskóla
9. Jón Ingi Einarsson, Laugalækjarskóla
10. Pétur Orri Þórðarson, Hvassaleitisskóla
11. Ragnar Þorsteinsson, Breiðholtsskóla
12. Sigrún Elsa Smáradóttir, fulltrúi í fræðsluráði
13. Sigurjón Fjeldsted, Hólabrekkuskóla
14. Þorsteinn Sæberg Sigurðsson, Árbæjarskóla
15. Þórður Kristjánsson, Seljaskóla
16. Ásta Einarsdóttir, maki Þórðar í Seljaskóla.

Kosin var ferðanefnd samkvæmt reglum um námsferðir skólastjóra. Auk fararstjóra skipuðu nefndina þau Erna M. Sveinbjarnardóttir og Ragnar Þorsteinsson og er ferðanefnd ábyrg fyrir gerð skýrslu um ferðina. Hirðljósmyndari var Helgi Árnason en Pétur Orri Þórðarson lagði einnig sitt af mörkum við myndatöku. Myndir þeirra skreyta þessa skýrslu. Yfirritari á fundum í Kanada var Guðmundur Ingi Leifsson.

## *Óskalisti um inntak ferðar*

Til fróðleiks er hér birtur eftirfarandi listi frá okkur eins og hann var sendur til Kanada:

**Guidelines for a program for 4 days** i.e. Tuesday–Friday from ca 9:00 - 15:00:

A visit to the Department of Education of New Brunswick and a Superintendent's office to meet some key persons who can give us:

An overview of the educational system as a whole – education of exceptional students – inclusive schools – private schools.

Information about the implementation of inclusive schools and what kind of special schools you have, if any.

Financing the education of exceptional students and the inclusive schooling program – expenses compared to the other system.

Guidelines for identifying exceptional students in kindergarten and compulsory schools.

Curriculum guidelines and the development of teaching material for all students.

Information about the consultative and support services on behalf of the Department of Education in New Brunswick – the superintendent's offices – others.

The cooperation of the educational-, social- and health systems.

The role of parents in making decisions about a school for their child.

The transition of students from one school level to another.

Research and evaluation.

The follow up and further-educational opportunities for drop out students, multi-handicapped children or others who need rehabilitation or special care socially or otherwise.

**School visits – 4 schools** – integrated and special schools including a meeting with the principal and a briefing of practical things of the day to day task of implementing the program of inclusive schooling. Some questions:

Critical elements for inclusive schools.

In - service training and development of personnel.

The curriculum guidelines of the school.

Support for the classroom teacher.

Team work of staff (hindrances/successes).

The role of the principal/assistant principal in the implementation of integration.

Flow chart of the school – school staff and their responsibility.

Multi level instruction – implementation.

Support service for schools and students who need very special teaching methods, stimulation and therapy or sick children (mentally-, multi-handicapped, socially disturbed, have drug problems, etc.).

Drop out students – educational opportunities.

Fundamental needs for schools if they are to be able to implement the program successfully.

## Dagbók

1. dagur, þriðjudagurinn 11. apríl 2000

Kl. 9:00-12:00 Opnun – Kynningarfundur – Opening Plenary at Place 2000.

Móttökur af hálfu menntamálaráðuneytis New Brunswick í Fredericton voru með miklum ágætum og vel fyrir öllu séð, eins og sjá má ef dagskrá og óskir okkar á útsendum lista eru bornar saman. Góður undirbúningur að heiman og námfýsi hópsins gerðu ferðina markvissari og árangursríkari en ella.

Að morgni fyrsta dags heimsóknarinnar beið fararskjóti og ekill við hótelandyri til þjónustu reiðubúinn og þar var einnig Robert Gerard úr ráðuneytinu sem ásamt Kathryn MacLelland fylgdi okkur eftir hvert fót máll alla ferðina.

Efni fundar: Farið yfir helstu sameiginleg einkenni skólakerfis héraðsins. Barry Lydon, (Director of Curriculum), bauð okkur velkomin og síðan kynntu Robert Gerard (Assistant Director of Student Services) og Kate McLellan (Consultant–Learning Disabilities & Exceptionalities), í stuttu máli sögu skóla án aðgreiningar, lög, skólakerfi blandaðra skóla, söguna, fjármögnun v/sérþarfa og samstarf ráðuneyta. Síðan tók hver starfsmaðurinn við af öðrum, einir tíu eða ellefu, og sögðu m.a. stuttlega frá námskrá, kennslu fyrir nemendur í áhættu, sálfræðipjónustu í skólum, þjálfun kennara og annars starfsfólks í að kenna í skólum án aðgreiningar, árangursríkum leiðum og kennsluáferðum, stuðningi og ráðgjöf frá menntamála-ráðuneytinu, meðferðarráðum fyrir unglinga, færslu nemenda milli skólastiga, rannsóknnum og mati (í samræmi við óskalista Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur). Í lokin var gefinn kostur á umræðum.

Kl. 12:00-13:15 – Hádegisverður í boði menntamálaráðuneytisins.

Í hádegisverði flutti Robin Roe (Assistant Deputy Minister) ávarp og skýrði m.a. frá því að menntamálaráðherra bæði fyrir kveðjur en hann stæði í ströngu í þinginu einmitt þennan dag, væri þar í harki um aukið fé til skólamála. Dagskrá fundarins var þéttskipuð og upplýsingar og gögn flæddu í stríðum straumum.

Kl. 13:15-14:45 Heimsókn: Námsver (e. Alternate Education Site) í fræðslu-umdæmi 18 er sérúrræði fyrir nemendur með félagsleg vandamál. Þarna fer fram kennsla fyrir 18-20 ára ungmenni sem dottið hafa út úr skóla og því ekki lokið skyldunámi (5-18 ára).

Þessi fyrsti dagur ferðalanga í Kanada reyndist hörkudagur og úr miklu að móða sem vonandi skilar sér að mestu í köflunum hér á eftir. Tengiliðir: Jody Gorham, Mike Dollimore og Nic Plimmer.

2. dagur, miðvikudagurinn 12. apríl 2000

Kl. 8:15-12:00 – Heimsókn á fræðsluskrifstofu í fræðslu-umdæmi 12.

Gestgjafar: Dr. Frank Hayes, fræðslustjóri og starfsfólk hans.

Kynning: Prof. Gordon Porter – Inclusive schooling in District 12.

Fræðslu-umdæmi 12 var heimsótt annan dag heimsóknar okkar. Það er skammt norðan við Fredericton í efrihluta St. Johns River dals. Í þessu umdæmi var upphafið, en umdæmi 12 varð fyrst til að koma á skólum án aðgreiningar og hefur rekið hverfis-skóla sem eru nánast algjörlega blandaðir, án hefðbundinna sérdeilda, undanfarin 15 ár, eða frá 1985.

Þess ber þó að geta að til eru úrræði eins og hæfingarskólar og meðferðarskólar sem taka við nemendum sem illa eða ekki rekast í skóla á venjulegum forsendum. Lögð er áhersla á að um tímabundin úrræði sé að ræða og suma þessa skóla sækja nemendur sem einnig eru í heimaskóla.

Samkvæmt upplýsingum, annars vegar úr einblöðungi frá 1998 og hins vegar frá Frank Hayes, fræðslustjóra eru skyldunámsskólar umdæmis 12 nú alls fjórtán. Nemendur í ár eru um 4.600, kennarar og annað uppeldismenntað fólk er um 270 og annað starfsfólk (e. non educational and support staff) um 150. Nemendum fer fækkandi og því hafa skólar verið lagðir niður (hefur t.d. fækkað um einn frá 1998). Á fundinum fengum við m.a. að hitta aðaldriffjöður breytinga í héraðinu, Dr. Gordon L. Porter og samstarfskonu hans Julie A. Stone.

Kl. 12:00-13:00 – Hádegisverður á staðnum.

Kl. 13:00-14:00 – Skólaheimsóknir:

Southern Carleton Elementary

Woodstock Centennial Elementary School

Woodstock Middle School

Woodstock High School

Kl. 14:30-15:30 – Skólaheimsóknir:

Nackawic Elementary School

Nackawic Middle School

Nackawic High School

Kl. 15:30 – Til Fredericton

Kl. 16:30-17:00 – Fundur með menntamálaráðherra.

Fundur með ráðherra breyttist á síðustu stundu í heimsókn á áheyrendapalla í þingi New Brunswick þar sem fram fór umræða um fjárlög og ráðherra menntamála sótti hart að fá aukin framlög til skólamála. Af þeim augljósu ástæðum komst hann ekki frá. Gaman var að koma í þetta eldgamla þinghús, fróðlegt, en kunnuglegt að fylgjast með sókn og vörn í málinu. Heimsókn okkar vakti athygli og fengum við kveðjur upp á palla frá þingheimi, fluttar af þingforseta. Til gamans má geta þess að þingið samþykkti 11 milljón dala aukningu á fé til skólamála.

3. dagur, fimmtudagurinn 13. apríl 2000

Kl. 8:15-12:00 – Heimsókn á fræðsluskrifstofu í fræðsluumdæmi 16.

Kynning á tilraunastarfi og þróunarverkefnum, m.a. í móðurmákennslu, „Academy of Reading” og „Fast For Word.”

Kl. 12:00-13:00 – Hádegisverður á staðnum.

Kl. 13:15-14:15 – Skólaheimsóknir:

Námsver og hæfingarskóli fyrir nemendur með atferlistruflanir (e. Alternate Learning Center) ½ hópur.<sup>4</sup>

Þarna eru þrír hópar nemenda á mismunandi aldri sem eru illa settir andlega og félagslega, m.a. með athyglisbrest og ýmsa félagslega erfiðleika.

Meðferðarskóli í fangelsi fyrir unglinga (Youth Training Facility) ½ hópur.

Kl. 14:15 – Til Fredericton.

4.dagur, föstudagurinn 14. apríl 2000

Kl. 8:15-12:00 – Skólaheimsókn:

Millidgeville North School í Saint John

Kynning: Samstarf atvinnulífs og skóla, Employability Skills Poster Linking to Future Portfolio and other Transition programs,

Heather Stillwell, Dixie Couchlan, Martha Zed og Joan Shillington.

Tengiliður: Joe Brennan/Margie Layden-Oreto.

Kl. 12:00-12:45 – Hádegisverður á staðnum.

Kl. 13:00-14:00 – Skólaheimsókn:

Hampton High School. Viðtal við Kathy Guravitch.

---

<sup>4</sup> Sjá nánari lýsingu á námsúrræðum og sérþjónustu í kafla IV.

Kynning: Aðferðir og kennslugögn tengd þróunarverkefni í aðferðafræði náms og kennslu fyrir nemendur með námsörðugleika, Learning Strategies Intervention  
Pilot for students with learning disabilities.  
Tengiliður: Erica Gandy Owen/Lynn Orser/Clary Wilbur.  
Kl. 14:15 – Til Fredericton.



Ráðuneytisfólk kemur fylktu liði að fræða ferðalanga.

## II. Land og þjóð Kanada og New Brunswick

---

*Í þessum kafla er minnst tengsla Íslands og Kanada. Skyggst er aftur í tímann og getið íslensku vesturfaranna og fyrstu evrópsku landnemanna og frumbyggja álfunnar nú og fyrrum. Jafnframt er farið fljótt yfir sögu Kanada og gefin lausleg mynd af Kanada og New Brunswick nútímans ásamt höfðuborginni Fredericton.*

### Kanada og heimanfararnir

---

*Í Kanada er allt sem fólkið vill fá.  
Þar fossar úr björkunum vínið,  
og tjaran og meðulin myndast þeim á  
og mosinn og ullin og línið,  
og flugurnar hunangi hella í oss,  
í hálsklút ormarnir spinna,  
og lýðurinn dansar og drekkur sit hnoss,  
en dýrin allt mögulegt vinna.*

*Svo vex þar í görðunum tóbak og te  
og talsvert af eplunum líka,  
og nóg er af sykri í sérhverju tré,  
sem seður og gerir menn ríka.  
Og ókeypis fást þar til eldsneytis kol  
og annað, sem kyndarinn brennir.  
Og meyjarnar eignast þar meinlausan bol,  
sem mittið til fegurðar grennir.*

Úr kvæðabálki um Jón Austfirðing eftir Guttorm J. Guttormsson, Iðunnarútgáfan Reykjavík, 1947, 1. og 2. erindi.

## Kanada – Ísland og strengir bærast

Þegar Kanada ber á góma bærast strengir í brjóstum margra Íslendinga, enda ófáir sem eiga eða halda sig eiga ættingja þar. Vesturfararnir og afkomendur þeirra eru þó í augum margra eins konar huldufólk sem einungis lifir í munnlegri geymd. Ef til vill hefur fundist gulnuð mynd af skyldmenni sem fór vestur um haf undir aldamótin 1900, lítið annað er vitað og allir látnir hér heima sem þekktu söguna. Tilhugsunin um að einhvers staðar vestra búi jafnvel stór ættbogi frændfólks kitlar þó margan Frónbúann enn í dag.

Framangreind erindi eru úr hetjukvæði um *Jón Austfirðing* þar sem fjálglega er lýst lífsgæðum vestra; háð og spott um þá skrumskældu mynd sem „agentar“ vesturferða gáfu af landkostum þar, ekki síst í ljósi þess sem beið fólks þegar þangað kom.<sup>5</sup> Margir hafa orðið til að lýsa þeim ósköpum, nú síðast Guðjón Arngrímsson í bók sinni *Nýja Ísland, Örlagasaga Vesturfaranna í máli og myndum*.<sup>6</sup> Þar er m.a. lýst hversu mikil þrekaun ferðirnar voru, sjóferðir í flutningaskipum í yfirfullum lestartýmum þar sem saman ægði veiku fólki og jafnvel búpeningi. Svipað háttaði til um landtökuna vestra, við tóku áframhaldandi vosferðir, flutningar í hestakerrum eða langar göngur út í óvissuna með börn og veikt fólk, jafnvel í fimbulkulda að nóttu sem degi.

Í bók Böðvars Guðmundssonar, *Híbýli vindanna*,<sup>7</sup> segir á einum stað listilega frá Páli nokkrum Pálssyni, norðan af Ströndum. Sá er á leið suður til Reykjavíkur og þaðan með skipinu Áróru til Ameríku. Hann gistir hjá Ólafi fíólín og Sæunni konu hans:

„En er ekki skelfilega langt til Ameríku?“ spyr Sæunn. „Langt, húsfreyja,“ svarar gesturinn. „Langt! Víst er það langt. Það er svo langt að óþefurinn af Íslendingum nær ekki að spilla höfgum ilmi rúsínutrjána. Þar er engin fastelja í húsum, þar er enginn búkþefur af fólki, þar mígur enginn í þófið, þar ýldir enginn matinn, þar er ekki fúkkalykt í guðshúsum. Þar er ilmur. Jú víst er það langt, og það er vel. Það er mikið vel.“

Margar ástæður lágu að baki hinna miklu þjóðflutninga frá Íslandi og fleiri Evrópulöndum vestur á 19. öld. Mikil þörf var vinnufúsra handa þar vestra til að erja víðfeðm landsvæði Norður-Ameríku, að bæta samgöngur og sinna margvíslegum landnámsverkum. Á sama tíma voru landkostir fáir bæði í Evrópu og hér á landi. Fátæktarbaslið hér heima og von um betra líf, með auknum tækifærum til menntunar, frægðar og frama, ásamt ævintýraþrá og ranghugmyndum um gósenlandið þar voru þó meginástæður fólksflóttans héðan. Saga margra „heimanfaranna“, eins og Guttormur J. Guttormsson skáld nefndi vesturfarana, var í mörgum tilvikum hin mesta hrakfallasaga og því tregablandin.

<sup>5</sup> Guttormur J. Guttormsson, *Kvæðasafn*, Arnór Sigurjónsson gaf út, Iðunnarútgáfan-Reykjavík, 1947.

<sup>6</sup> Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland, Örlagasaga vesturfaranna í máli og myndum*, Mál og Menning, Reykjavík 1997.

<sup>7</sup> Böðvar Guðmundsson, *Híbýli vindanna*, Uglan, Íslenski Kiljuklúburinn, Reykjavík 1998.

Þótt flestir hafi farið vestur með ákveðnum létti í lund fóru aðrir að heiman með sorg í hjarta. Í bók Guðjóns Arngrímssonar, *Nýja Ísland*, segir frá 18 ára skáldmæltum pilti sem orti eftirfarandi:

Skjótt líður stundin; í síðasta sinni  
Sváslega fósturjörð kveðja ég hlýt –  
En hún skal mér ætíð í eldheitu minni –  
Aldregi frammar því hana ég lít.

Skjótt líður stundin, því ástvini alla  
Ég hlýt að kveðja - við sjáumst ei meir –  
En sjálfur mun Drottinn saman oss kalla  
Á sælunnar landi þar mótlætið deyr.

Erindin eru úr sjö erinda kvæði eftir piltinn Stefán Guðmundsson sem fór vestur árið 1873. Pilturinn tók sér seinna nafnið Stephan G. Stephansson og varð eitt ástsælasta skáld sem Ísland hefur alið, bæði hér heima og ytra, en í Kanada var hann tilnefndur af þarlandum fræðimönnum sem eitt af öndvegisskáldum Norður-Ameríku.

### *Bönd Íslands og Kanada samofin í árþúsund*

Nokkur hópur Vesturfara fór héðan til Kanada þann 21. október 1873. Fyrsti stóri hópurinn, um tólfhundrað manns, fór hins vegar utan árið 1876. Fólk lenti í ótrúlegum mannaumum í þessum ferðum sem margur lifði ekki af. Í bók Böðvars Guðmundssonar, sem áður er getið, segir frá því þegar rúmlega eittthundrað Íslendingar lenda í miklu vosi á leið sinni frá Toronto til Cobakonk í Victoríuhéraði. Fyrst hafði fólkið ferðast um langan veg í hestvögnum, síðan fótgangandi í náttmyrkri og fimbulkulda til að komast í náttstað:

Fólkið rýnir út í myrkrið. „Það er hvergi nokkra andskotans tíru að sjá,“ segir einn. „Jú, ég held það hafi brugðið fyrir ljósi,“ segir annar. Og skyndilega gerist kraftverk. Út úr mykrinu koma tvö ljós. Tveir menn í síðkápum koma á móti þeim og bera tvær daufar olíuluktir. Þau eru komin á leiðarenda. En hvernig er sá leiðarendi? Hálfkróknuð börn eru tekin niður úr vögnunum, konurnar skella skoltum og sumar eru svo stíðar eftir setuna að það verður að bera þær.  
...Og það var köld nótt í bjálkahúsunum nýju, og nú kemur auk þess í ljós að mestallur viðlegubúnaður fólks hefur orðið eftir í öngþveitinu í Cobakonk.  
...nóttin vefst jafnt um þá sem sofa og hina sem ekki kemur blundur á brá.

Víða var illa búið að landnemum í fyrstu. Híbylín voru ýmist hálfgerð hreysi eða svo nýbyggð að þau héldu hvorki vatni né vindi og er það með öðru talið hafa átt sinn þátt í miklum barnadauða meðal Íslendinga á þessum árum.

Í frásögur er fært að fyrstu híbylí þeirra sem settust að í Nýja Íslandi, á sléttunum og við strendur Winnepegvatns í Manítóba, árið 1875, voru tjöld úr vísundahúðum lík þeim sem Indjánar kunnu svo ljómandi vel að búa í. Í slíku Indjánatjaldi fæddist fyrsta barn vesturfarana í Nýja Íslandi. Þeir sem lifðu af harðræði fyrstu áronna seigluðust áfram og flestir komu sér að lokum þökkalega eða þaðan af betur fyrir.

Í kafla um New Brunswick er við hæfi að geta þess að við staðarval nýlendu fyrir Íslendinga var m.a. um það rætt í alvöru að koma á fót Íslendingabyggð á Nova Scotia eða í New Brunswick. Yfirvöld þar buðu landnemum ýmis konar fyrirgreiðslu og margir settust þar að. Öll bestu ræktarlöndin voru hins vegar uppurin þegar þarna var komið sögu og langflestir fluttu á aðrar slóðir, m.a. til nýlendu Íslendinga nálægt Halifax, sem nefnt var Markland. til heiðurs Leifi heppna.

Tryggðin við gamla landið var rík og þegar Vestur-Íslendingar voru orðnir sæmilega bjargálma varð mörgum þeirra einna fyrst fyrir að senda fólkinu „heima“ smáræði til að lina eymdina og styrkja bæði til vesturfara eða skólanáms. Einnig er markvert að Íslendingar höfðu vart nema tyllt tánum í nýja landinu þegar þeir ákváðu, árið 1875, að tilkynna yfirvöldum þá ætlan sína að setja á laggir skóla fyrir íslensk börn.

## Upphaf hnattvæðingar nútímans

---

Þegar stigið er á kanadíska grund rifjast óhjákvæmilega upp sameiginleg saga. Á landafundaári hvarflar hugurinn einnig til fyrsta noræna fólksins sem „fann“ Norður - Ameríku. Hringferð, sem Afríkubúar hófu þegar þeir tóku að dreifa sér um heiminn fyrir um hundrað þúsund árum, lauk þegar forverar okkar flúðu frá Noregi, settust að á Íslandi, námu síðan land á Grænlandi og flæktust loks til Ameríku. Þeir urðu þannig fyrstir Evrópubúa til að spanna hnöttinn og loka hringnum. „Með eyjahoppi Víkinganna lokaðist hringurinn og hnattvæðing nútímans hófst“, segir í skemmtilegri grein í blaðinu *enRoute*, frá apríl sl., kynningarblaði *Air Canada*.<sup>8</sup> Greinina skrifar, *Gwinne Dyer* ættuð frá Nýfundnalandi sem sér nú héraðið sitt skyndilega í nýju ljósi.

Höfundur fellur gjörsamlega í stafi þegar hún heimsækir staðinn *L'Anse aux Meadows* á Nýfundnalandi þar sem nú hafa fundist minjar sem styðja frásögn Íslendingasagna um búsetu noræna víkinga á þessum slóðum. Sennilegt er einnig talið að um bústað Leifs heppna sé að ræða.

Dyer lýsir því hve gerólíkur öðrum, stórbrotinn og ófreskur staðurinn er í annarlegum bláma norðursins. Óvægnar brimöldur lemja landið og kólguský æða um himinninn með berangurslegt landslagið í forgrunni.

---

<sup>8</sup> Gwinny Dyer, *Air Canada*, apríl 2000.

Af óttablandinni virðingu fyrir ofurefli náttúruaflanna skynjar höfundur hversu lítilsmegnug mannskepnan er við slíkar aðstæður, jafnvel að sumarlagi. Í hugann kemur fyrsta erindi úr kvæði Einars Benediktssonar *Norðurljós* ásamt þýðingu Vestur-Íslendingans Jakobínu Johnson á sama erindi<sup>9</sup>:

Veit duftsins son nokkra dýrðlegri sýn  
en drottanna hásal í rafurloga?  
Sjá grundu og vog undir gullhvelfdum boga!  
Hver getur nú unað við spil og vín?  
Sjálft moldin er hrein eins og mæð við lín,  
mókar í haustsins visnu rósum.  
Hvert sandkorn í loftsins litum skín,  
og lækirnir kyssast í silfurrósum.  
Við útheimsins skaut er allt eldur og skraut  
af iðandi norðurljósum.

Was ever such vision to mortals sent  
As Northern Lights in the heavens flaming?  
-Who now is at drinking and cards content?-  
The earth lies serene and on sleep intent  
Under a cover of roses decaying.  
Rare colors the grains of sand present.  
Where waters meet, there is a silver spraying.  
The north is aglow with an ornate show.  
Of Borealis' displaying.

### *Að finna og nema land*

Frumbyggjar álfunnar, Indjánar og Inúítar, höfðu búið á þessum slóðum í þúsundir ára þegar Evrópubúar „fundu“ Ameríku en vissu ekki að það var í annað sinn auk þess sem líklegt er talið að sjómenn frá Evrópu hafi stundað veiðar á þessum slóðum margt lengi.

Í samræmi við frásagnir Íslendingasagna<sup>10</sup> hefur því verið haldið fram að áar okkar hafi fundið Ameríku mörgum öldum á undan öðrum. Bjarni Herjólfsson hraktist af leið og „fann“ Ameríku fyrir hreina tilviljun árið 986. Leifur Eiríksson kannaði málið um aldamótin 1000, hafði nokkra viðdvöl á Nýfundnalandi, kom til baka með fley fyllt með ávöxtum og viði og nefndi landið Vínland. Í Grænlandingasögu er haft eftir Leifi: „Nú skal hafa tvennar sýslur fram, ok skal sinn dag hvárt, lesa vínber eða höggva við og fella mörkina, svá að þat verði farmr til skips míns.“ „Svá er sagt at eftirbátr þeira var fylldr af vínberjum.“

Bróðir hans Þorvaldur er sagður hafa drifið sig vestur árið 1004, hitt þar fyrir heimamenn sem hann nefndi skrælingja, vó þá á báðar hendur og féll að lokum sjálfur fyrir bogaskoti heimamanna. Þorfinnur karlselfni, efnamaður mikill, og kona hans hin stórhuga Guðríður Þorbjarnardóttir eru talin hafa freistað gæfunnar næst og farið með 160 manna leiðangur vestur árið 1011.

<sup>9</sup> Einar Benediktsson, *Norðurljós, Íslensk ljóð – Frumkvæði og þýðingar, Icelandic Lyrics – Originals and Translations, Northern Lights*, Translated by Jakobína Johnson, Richard Bech valdi, Reykjavík 1930.

<sup>10</sup> Íslendingasögur fyrsta bindi, *Landssaga og landnám, Eiríks saga rauða og Grænlandingasaga*, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Hrappseyjarprent hf., Reykjavík, 1946.

Þau fengu léð hús Leifs á Nýfundnalandi. Eitthvert suður á bóginn munu þau hafa ferðast með vorinu, jafnvel allt suður til þess staðar sem nú er nefndur New York. Um sumarið ól Guðríður þeim soninn Snorra, sem við teljum auðvitað frumburð hvíta kynstofnsins vestur þar. Ekki varð þeim kjarnahjónum þó vært á staðnum fremur en hinum sem á undan þeim fóru. Heimamenn ráku þau af höndum sér eins og aðrar boðflennur úr austri. Freydís Eiríksdóttir, hálf systir þeirra Leifs og Þorvaldar, er talin síðust Íslendinga til að freista gæfunnar í Norður-Ameríku. Allt fór á sömu leið, Freydís lenti í hörðum illdeilum við Indjána, gekk sjálf fram af offorsi miklu en varð að snúa sigruð heim við svo búið.

Margir hafa reynt að sanna frásagnir Íslendingasagna. Á árunum um og upp úr 1960 fundust loks minjar sem teljast staðfesta búsetu norræns fólks á þeim slóðum sem lýst er í Íslendingasögunum, þ.e. í L'Anse aux Meadows nyrst á Nýfundnalandi.

### „Örfáar ekrur af snjó“

Þróun þjóðfélags Norður-Ameríku á 16. og 17. öld fylgdi hinni vaxandi heimsvaldastefnu Frakka og Breta.<sup>11</sup> Hvorir tveggju ætluðu að helga sér Norður-Ameríku og áttu áratugum saman í illdeilum af því tilefni. Fyrirsögn kaflans er eignuð franska heimspekingnum Voltaire sem þótti miklu fórnað fyrir lítið þegar bardagar um yfirráð Norður-Ameríku stóðu sem hæst á ofanverðri 16. öld. Ummælin eru hins vegar örgustu öfugmæli því Kanada nær yfir geysivíðfeðmt landsvæði, eða rúma 6.400 kílómetra frá austri til vesturs og um 4.800 kílómetra frá norðri til suðurs. Land Kanada þekur um 10.000 ferkílómetra og er því næst stærsta þjóðland í heimi, kemur fast á hæla Rússlands.

Landshættir eru hins vegar afar mismunandi frá einu svæði til annars. Einungis 1/8 hluti þess er talinn byggilegur og 1/12 ræktanlegur. Skýrir það m.a. að íbúar í Kanada hafa lengst af ekki verið nema einn tíundi hluti af íbúafjölda Bandaríkjanna þótt nokkuð stærra sé. Um 90 af hundraði Kanadamanna býr einungis í 500 km fjarlægð frá landamærum Bandaríkjanna og flestir í þéttbýli, bæjum og borgum.

Segja má að átök Breta og Frakka um yfirráð landsins hafi í raun staðið allt fram á 20. öld. Svo kallað franska tímabil stóð frá 1608-1760. Frakkar gáfu að endingu eftir fyrir Bretum og Indjánar sem þeim höfðu fylgt að málum guldu afhroð. Bretar höfðu nú yfirráð yfir því sem nefndist *Nýlendur bresku Norður-Ameríku*.

Frakkar í Quebec voru á þessum tíma töluvert fleiri en Englendingar og nokkur pólitísk ólga þar í milli. Til að girða fyrir alla tilburði í átt til lýðræðis eins og í Ameríku, lét Georg III. Bretakonungur semja fyrstu stjórnarskrá Norður-Ameríku árið 1774, kennd við Quebec. Quebec-stjórnarskráin reyndist hið versta plagg sem ásamt öðru kynnti frekar undir illdeilum en hitt. Á sama tíma magnaðist pólitísk spennan í Ameríku. Endaði hún með uppreisn gegn breskum yfirráðum þar árið 1775.

<sup>11</sup> Roger Rienneau, *A Brief History of Canada*, Fitzhenry and Whiteside, Canada, 2000.

Frakkar og innfæddir áttuðu sig illa á þessum hjaðningavígum fólks af sama uppruna, þ.e. af engilsaxneskum ættum. Innfæddir flæktust óhjákvæmilega í ófriðinn en klofnuðu í afstöðu sinni. Sumir studdu Bandaríkjamenn, en flestir fylgdu Bretum að málum.

Eftir því sem kanadíska þjóðinni óx fiskur um hrygg urðu raddir háværari um rétt til að stjórna eigin málum, innan lands og utan. Takmörkuð heimastjórn Kanada stóð frá 1876-1931 þegar Kanada hlaut fulla heimastjórn innan hins nýja breska samveldis. Minnug hinna miklu þjóðflutninga á 19. öld, þegar milljónir innflytjenda fluttust til Kanada, er ástæða til að virða umburðarlyndi Kanadabúa gagnvart ólíku fólki og menningu og merkilegt að nokkuð góð sátt skuli ríkja í sambúð hinna fjölmörgu þjóðarbrota. Létt verk er það varla að halda einingu í svo fjölbreyttu samfélagi, á jafn landfræðilega ólíkum svæðum og sjálfstjórnarhéruðum í þessu geysistöra landi. Landið skiptist í sjö landsvæði með öflug sjálfstjórnarhéruð. Þau hafa sterk land- og vistfræðileg sérkenni og eru íbúar sagðir hafa ríka tilhneigingu til sjálfstjórnar eigin héraðs. Enda er haft fyrir satt að dýpra sé á þjóðernisvitund Kanadabúa en héraðsvitund.

### *Hrakningar „fyrstu þjóðarinnar“*

Saga innfæddra, „fyrstu þjóðarinnar“, eins og Indjána kalla sig, og hrakningar þeirra undan hvítum er dapurleg. Þó er samkvæmt heimildum talið að líf Indjana hafi í upphafi landnáms hvítra mann verið skárri í Kanada en annars staðar í álfunni. Stórir flokkar Indjana flúðu þangað frá Bandaríkjunum í lok borgarastyrjaldarinnar í skjól hinna geysivíðfeðmu landsvæða. Fram til þess virtist eins og Indjána teldu sig eiga í fullu tré við hvíta manninn. Með tilkomu bandaríska samveldisins voru hvítir landnemar ekki lengur sundurleitir hópur landlausra heldur hluti ungrar djarfhuga þjóðar sem einskis sveifst til að verja „sitt land.“ Þar fór samstiga fólk með borgaraleg réttindi annars vegar en hins vegar sundurleitir ættbálkar, lítt samstilltir með lítinn sem engan rétt. Indjána voru réttlausir og fengu ekki ríkisborgararétt í Bandaríkjunum fyrr en árið 1924.

Kosningarétt og kjörgengi fengu þeir fyrst árið 1948.<sup>12</sup> Ótrúlegt en satt. Nú hófust því hrakningar Indjana í Kanada sem ekki er séð fyrir endann á enn. Smám saman hafa þeir hrökklast af frjósömu svæðunum yfir á hin hrjóstrugu.

### *Verndarsvæði Heilagrar Maríu*

Mörg svokölluð verndarsvæði Indjana, svæði þeim skömmtuð, eru í New Brunswick. Næst síðasta dag heimsóknar okkar til Fredericton heimsótti hluti hópsins eitt slíkt svæði handan ár hins heilaga Jóhanns. Engar girðingar og ekkert frábrugðið öðrum íbúðahverfum, nema hvað húsin báru almennt vott um fremur lítil efnisleg gæði.

Leið okkar lá í snoturt timburhús á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni bjó fjölskylda Kim Brooks og á þeirri efri var höndlað með handverk íbúa svæðisins sem kallar sig St. Mary's First Maliseet Nation, eða Wulustukwik sem merkir „Þjóð hins fallega fljóts.“

<sup>12</sup> John Manchip White, *Everyday Life of the North American Indians*, Indian Head Books, Barnes & Nobles, 1993.

Maliseet ættbálkurinn í New Brunswick er annar tveggja ríkjandi ættbálka sem búið hefur þar frá örófi. Hinn ættbálkurinn nefnist Mi'kmaq og var aðallega í Brunswick og Nova Scotia. Þeir eru af Kanadamönnum taldir duglegri að bjarga sér og blandast samfélaginu, ólíklega þó á eigin forsendum.

Það var þungt hljóð í Kim og eiginmanni hennar þegar talið barst að stöðu innfæddra í skóla og þjóðfélagi. Flestum Indjánímum vegnar fremur illa í samfélagi hinna hvítu og fer þeim enn fækkandi. Hún taldi að einungis um 4000 Maliseet Indjánar væru eftir í heiminum. Þeir eru félagslega einangraðir og lenda enn í hremmingum í skólum. Hún nefndi því til sönnunar son sinn, unglíng sem ætti að hafa alla burði til að ganga vel í skóla, af þeim myndarhjónum og dóttur að dæma. En því miður sagði hún, hann væri að flosna upp úr almenna skólakerfinu. Af hverju svo er vildi hún ekki nema gefa í skyn. Milli lína mátti hins vegar lesa að ástæðan væri kynþáttamisrétti.

Mörg verndarsvæði hafa enda komið sér upp eigin skólum til að taka á eigin málum. Það er ekki vel séð af skólakerfinu sem telur sig geta boðið þessum nemendum sem öðrum góða þjónustu í almennum skyldunámsskólum. Í samtali við kennsluráðgjafa á fræðsluskrifstofu í umdæmi 16 kom fram að fræðsluyfirvöld telja sig reyna að koma til móts við innfædda, m.a. með sérstakri kennslu í móðurmáli þeirra, sögu og menningu. Meginvanda Indjána taldi hún þann að velflestir hefðu týnt máli sínu og siðum; týnt menningararfleifið sinni og sætu því eftir með skerta sjálfsmynd.

### „Sannleikurinn mun gera yður frjálsta“

Víst er um það að lýsingar í bókinni *Þjóðarglæpur* (e. *A National Crime*)<sup>13</sup> sem segir frá því hvernig ríki og kirkja stóðu að því að gera innfædda að „góðum og gegnum, kristnum Kanadabúum“ bera þeim ófagurt vitni. Komið var á fót heimavistarskólum fyrir innfædd börn sem hrifin voru frá foreldrum sínum og menningarumhverfi og úr þeim barinn „heiðingjahátturinn“, til að frelsa þau frá villu síns vegar.

Bókin lýsir illri andlegri og líkamlegri meðferð þessara barna; meðferð sem átti lítið skylt við boðskap Krists „Komið til mín allir þér sem erfiðið og þunga eruð hlaðnir.“ Skólar þessir voru reknir vítt og breitt um Kanada á árunum 1879-1986.

Það var ekki fyrr en árið 1944 þegar gerð var úttekt á skólum þessum á vegum fulltrúa ríkisins um málefni innfæddra að hreyfing komst á málín. Lagt var til að skólunum yrði lokað og börn innfæddra sett í almenna skóla í sínu heimahéraði.

Hins vegar tók um fjóra áratugi að ganga af aðgreiningarkerfinu dauðu. Andmæli komu víða að, m.a. frá innfæddum sem studdu kirkjuna eða vildu hafa ítök og óskuðu eftir að einhverjum skólum yrði haldið undir yfirráðum innfæddra. Það var ekki fyrr en árið 1986 sem síðasta skólanum var lokað og Indjánar teknir inn í almenna skólakerfið.

Það var ekki fyrr en almenningi varð ljóst harðræðið sem viðgengist hafði gagnvart varnarlausum börnum sem víða voru svelt og á stöku stað einnig misnotuð, að ríkisstjórnin sneri af braut yfirklórs og óskaði eftir fyrirgefningu synda sinna gagnvart innfæddum.

<sup>13</sup> John S. Milloy, *A National Crime*, The University of Manitoba Press, Winnipeg, Manitoba, 1999.

Langan tíma tekur að breyta hugarfari og afmá rótgróna kynþáttafordóma – ef það er þá yfirhöfuð gerlegt eins og dæmin sanna. Bókin, *Þjóðarglæpur*, var keypt hjá Maliseet fjölskyldunni á verndarvæði Heilagrar Maríu. Yfirskrift þessa kafla er útlekking á áritun Indjónakonunnar Kim í bókina.



Námsúræði fyrir 18-20 ára nemendur sem ekki hafa lokið framhaldsskóla.

## Friðriksbær er snjall bær

---

Titill klausunnar er snörun kynningar á Fredericton á Netinu frá apríl sl. (e. Fredericton is a Smart City). Friðriksbær er höfuðstaður sjálfstjórnarhéraðsins New Brunswick, á suð-austurströnd Kanada.

Árið 1784, að loknu frelsisstríði Bandaríkjanna, var óskað eftir því við ríkisstjóra Breta í Halifax að svæðið norðan Fundyflóans yrði sérstakt sjálfstjórnarhérað. Það hlaut samþykki og New Brunswick varð til. Fyrstu kosningarnar í hinu sjálfstæða héraði voru árið 1785. Viktoría Bretadrottning baktryggði veldi sitt með því m.a. að gera Fredericton að aðsetri biskups og dómkirkju héraðsins árið 1845. Af því tilefni var reist vegleg gotnesk kirkja, hlaðin úr tilhöggnu grjóti, og stendur enn þar í borg.

Fredericton er nefnd eftir Friðriki syni Georgs III. Bretakonungs og hefur haft höfuðstaðarréttindi frá árinu 1845. Frá þeim tíma hefur staðurinn breyst úr þorpi í miðstöð menntunar, menningar, tækniþekkingar og aðseturs stjórnsýslu héraðsins.

Fredericton er á fallegum stað miðsvæðis í héraðinu, á bökkum St. John árinna. Umhverfis Fredericton eru 14 bæjarfélög sem mynda miðdepil héraðsins. Þegar komið er á staðinn má fljótlega greina bresku áhrifin á mannlíf og umhverfi. Fredericton virkar þægilega smá en duggunarlítið gamaldags fyrir heimsborgara eins og Íslendinga! Fólkið er einstaklega vingjarnlegt, skrafhreifið og hjálplegt. Ungur leigubílstjóri í sumarleyfi frá herþjónustu var búinn að segja undirritaðri nær alla sína ævisögu í stuttri ökuferð.

Frönsk áhrif koma líka fljótlega í ljós og það hversu hvítt millistéttarfolk er allsráðandi. Frumbyggjar og þeldökkt fólk sást óviða þar sem við fórum. Bandarísk áhrif á mannlífið eru óumflýjanleg þarna þótt ekki væri nema vegna nálægðarinnar. Fólkið er almennt evrópskt í útliti og gæti hæglega verið frændfolk að heiman.

Árið 1996 voru íbúar í Fredericton um 79.000 og í héraðinu öllu um 740.000. Íbúar eru velflestir tvítýngdir, tala bæði ensku og frönsku en rúmlega helmingi fleiri eru enskumælandi en frönskumælandi.

Fredericton hefur smám saman áunnið sér sess sem höfuðstaður þekkingariðnaðar í New Brunswick.<sup>14</sup> Rúmlega 70 af hundraði alls iðnaðar í borginni er nú á sviði hugbúnaðar, tækni, verkfræði og rannsókna, ráðgjafar- og þróunarvinna. Á annað hundrað fyrirtæki vinna við þekkingariðnaðinn og eru með samninga við Singapúr, Eystrasaltslöndin og önnur fjarlæg lönd um þjónustu og sölu á tölum, tækni og hugbúnaði. Annar eins fjöldi fyrirtækja veitir hnattræna ráðgjafarþjónustu á sviði verkfræði, markaðssetningar, umhverfisverndar og stjórnunartækni. Iðnaður þessi veitir hundruðum vinnu og veltir miklu fé. Fredericton var enda valin ein af tíu bestu viðskiptaborgum Kanada árið 1995, sú fámennasta á „topp tíu“ listanum. Flestum íbúanna vegnar vel enda er Fredericton dæmigert „hvítflibbasamfélag“ að sögn fylgdarmanns úr ráðuneytinu.

---

<sup>14</sup> Upplýsingar af Netinu í apríl 2000.

## Rætur

---

Ljúkum þessum kafla um Kanada eins og hann hófst, í minningu huldufólksins, skyldmenna okkar vestra. Vestur-Íslendingar hafa ræktað tengslin við gamla landið með ýmsu móti. Enn eru þeir til sem haldið hafa við einhverri íslenskukunnáttu og ýmsum gömlum siðum og venjum. Í Íslendingabyggðum hafa jafnframt skapast nýir siðir sem við höfum tekið upp, eins og að láta fjallkonuna birtast sem tákn lands og þjóðar á þjóðhátíð Íslands. Fyrsta fjallkonan mun hafa komið fram á þjóðhátíð vestra árið 1874.<sup>15</sup> Vestur-Íslendingar hafa því auðgað sameiginlega menningu okkar á ýmsa lund og skapað nýja, ekki síst með skáldskap og ritverkum sem þeir hafa lagt sér og íslensku þjóðinni til úr fjarlægð. Margir niðjar heimanfaranna leita upprunans og næra enn rætur sínar á Íslandi.

Ófáir Vestur-Íslendingar hafa í árána rás rétt hönd sína í átt til gamla landsins sem baðað er bláma fjarlægðar og endurómar dulúðugar örlagasögur forvera þeirra.

Enn er vitnað í Guttorm J. Guttormsson skáld, nú í kvæðið *Ísland*:

Um höfin við réttum vort handaband  
og heilsum með því að segja,  
að þú ert vort íspakta logaland  
og litbrigða töfraeyja.  
Og þú átt það ljós, sem svo listrænt er  
að litunum það sig skreytir.  
Og þú átt það andrúmsloft yfir þér,  
sem öllu í fegurð breytir.

---

<sup>15</sup> Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland, Örlagasaga vesturfaranna í máli og myndum*, Mál og Menning, Reykjavík 1997.

### III. Skólakerfi Kanada – New Brunswick

*Hér er að finna gróft yfirlit yfir skólakerfi Kanada og New Brunswick. Einnig eru dregin fram aðalatriði Salamanca yfirlýsingarinnar, Samþykktar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Salamanca á Spáni frá 1994, en þar er stefna Íslands í kennslu nemenda með sérþafir m.a. staðfest. Einnig er hér til upprifjunar minnt á nokkur atriði úr Aðalnámskrá grunnskóla frá 1976 til samanburðar en þar voru tekin af tvímæli um hvernig túlka bæri stefnu laga um grunnskóla frá 1994 varðandi skipan nemenda í bekki.*

### Sambandslýðveldi – Ríkislög – Lög sjálfstjórnarhéraða

Áður en komið er að forsögu og eiginlegum breytingum sem urðu á skólum í New Brunswick með tilkomu þess sem nefnt hefur verið *skóli án aðgreiningar* er rétt að greina stuttlega frá helstu einkennum stjórnkerfis og skólaskipunar í Kanada og New Brunswick.

#### Ríkislög

Kanada er sambandslýðveldi með stjórnarskrá þar sem lagasetningu er deilt annars vegar milli ríkisstjórnar Kanada og hins vegar löggjafarsamkundu hvers sjálfstjórnarhéraðs.<sup>16</sup> Ríkisstjórnin setur lög er varða alla íbúa Kanada en lög héraðsstjórna gilda innan marka héraðsins. Samkvæmt stjórnarskrá Kanada frá árinu 1982 bera sjálfstjórnarhéruðin ábyrgð á skólahlaldi á öllum skólastigum.

Ýmislegt í skipulagi skólahlads, s.s. fræðsluskylda, lengd skólaársins og skipulag framhaldsnáms (e. post-secondary education) er einnig mismunandi milli héraða. Skólakostnaður vegna einstakra þátta skólastarfs og kennslu eru einnig mismunandi. New Brunswick er til dæmis eina héraðið í Kanada sem er tvítyngt; enska og franska eru jafnrétt há mál og bæði viðurkennd sem opinber tungumál héraðsins, því vegur tungumálakennsla þyngra þar en annars staðar í Kanada.

Í Kanada er hvorki til ríkisrekið menntamálaráðuneyti né eitt samræmt menntakerfi fyrir allt landið. Allt að einu er litið á almenna menntakerfið sem þjónustu ríkisins við þegnana og því er allt starfslið skóla bundið af ákvæðum stjórnarskrár ríkisins. Ríkisstjórnin styður háskólanám óbeint með fjárveitingum til sjálfstjórnarhéraðanna og með því að standa straum af kostnaði við rannsóknir á háskólastigi og styrki til nemenda.

<sup>16</sup> *School Law and The Charter, Balancing Interests*, Public Legal Education and Information Service of New Brunswick, March 1994.

## *Skólakerfi Kanada*

Skyldunám og framhaldsskóli (e. elementary og secondary education): Ábyrgð og vald skólamála er hjá fræðsluráði viðkomandi fræðsluumdæmis eða fræðsluskrifstofu eins og í New Brunswick þar sem fræðsluráð eru ekki lengur starfandi.

Fræðsluskylda/skólaskylda í Kanada: Almennt eru nemendur skólaskyldir í 10 ár til 15 eða 16 ára aldurs frá 6 eða 7 ára.

Barnaskóli/unglingaskóli/framhaldsskóli spanna að jafnaði 12 ár.

Tveggja ára forskóli fyrir fjögurra og fimm ára börn er í sumum héruðum.

(New Brunswick er með almenna skólaskyldu frá 5-18 ára og fræðsluskyldu nemenda með sérþarfir frá 3-21 árs).

### Skólastigin

Algengasta skipting í skólastig:

1.-6. bekkur (elementary) og 7.-9. bekkur (junior high school).

10.-12. bekkur (senior high school).

Aðrar skólagerðir: Leikskóli-8. bekkur, 9.-12. bekkur, leikskóli-7. bekkur, 8.-12. bekkur.

Skólaárið er frá september til júní mismunandi eftir héruðum.

Yfirstjórn/fræðsluráð: Stjórn og framkvæmd skólahalds er í hverju fræðsluumdæmi innan lagaramma viðkomandi sjálfstjórnarhéraðs (fræðsluráð eru ekki starfandi í öllum héruðum, samanber New Brunswick).

Nám á háskólastigi: Háskólanám eða starfsmenntun – iðnnám og tækninám

Sjálfseignarskólar (e. separate schools) styrktir af almannafé í sumum héruðunum.

Einkaskólar og einkaleikskólar: Í öllum héruðum Kanada. Hljóta ekki styrk af almannafé.

## Lög sjálfstjórnarhéraða

Þrátt fyrir mörg sameiginleg einkenni sjálfstjórnarhéraðanna er munur á skólastefnu og framkvæmd skólahlads frá einu héraði til annars. Gott dæmi þar um er skóli án aðgreiningar sem ekki er kominn á nema í sumum umdæmum. Einnig má nefna ákvæði laga í New Brunswick um rétt nemenda með sérþarfir.

Nemendur með sérþarfir eiga rétt á ókeypis skólavist frá þriggja ára aldri til tuttugu og eins árs í New Brunswick. Almenn skólaskylda er frá fimm ára til átján ára aldurs með tilheyrandi mætingarskyldu. Engan má nú útiloka frá almennum skólum án gildra raka. Heimilt er þó að veita undanþágu frá skólasókn ef fengist hefur leyfi til annars konar kennslu svo sem í námsverum, meðferðar- eða þjálfunarskólum eða meðferðarstofnunum og á heimilum, en kennsla á heimilum hefur aukist á seinni árum.<sup>17</sup>



Fæðslustjórinn í Reykjavík kemur færandi hendi. Kathryn MacLelland og Robert Gerard úr menntamálaráðuneyti New Brunswick, Arthur Morthens ásamt kennara staðarins kætast.

<sup>17</sup> Policy and Planning Branch, Department of Education, 30. mars 2000, *Home Schooling in New Brunswick* 1986/87: 52 nemendur – 1999-2000: 557 nemendur

## Skólakerfi í New Brunswick

Fræðsluumdæmi í New Brunswick: Alls 18 þar af 12 enskumælandi (sum tvítyngd) og 6 frönskumælandi.<sup>18</sup>

**Fræðslustjóri** (e. superintendent) er yfir hverjum 2-3 umdæmum, alls 8 fræðslustjórar í 18 umdæmum.

**Fræðsluskrifstofa** er í hverju umdæmi.  
Engin fræðsluráð eru í New Brunswick.

Starfsfólk skóla og fræðsluskrifstofa 1997-98:

Í fullu starfi	7,543 (höfðatala)
Í hlutastarfi	393
Alls höfðatala	7,936

Í fullu starfi	7,543 (stöðugildi)
Í hlutastarfi	229
Alls stöðugildi	7,772

Kynjahlutfall: Konur 66% - karlar 34%.

Kostnaðartölur 1997-1998:

Heildarkostnaður skólamála (rauntölur): 821,113,906 Kanada-dalir.

Kostnaður skólamála sem hlutfall af heildarútgjöldum New Brunswick: 20.6%

Kostnaður á nemanda: 6,162 Kanada-dalir.

Um 10% af skólakostnaði er vegna nemenda með sérþarfir.

Reiknað er með að 5-15% nemenda eigi við námsvanda að etja.

Fjöldi skóla (K-12) 1998-1999 alls: 355

Skólaskylda: 5 ára til 18 ára aldurs.

Fræðsluskylda: 3 ára til 21 árs aldurs fyrir börn með sérþarfir (blind, heyrnarskert og þroskaheft).

Nemendafjöldi í New Brunswick skólaárið 1998-99:

Leikskólabekkur (1 ár) og 1.- 12. bekkur: Tæplega 130.000.

Um 88.000 nemendur eru enskumælandi og um 41.000 frönskumælandi.

Nemendum fer fækkandi (samkvæmt munnlegri heimild um 1.000 á ári sem þýðir fækkun um 33 kennara á ári og lokun skóla).

---

<sup>18</sup> *Education Outline – 1998 – 99*, New Brunswick Education

Skólakerfi New Brunswick framhald:

Dæmi um fjölda í umdæmum (haust 1999):

Umdæmi 12: 4.600 nem.

Umdæmi 18: 13.000 nem., 34 skólar, 800 kennarar, 3 sálfræðingar.

Umdæmi 14, 15 og 16: 12.500 nemendur í 40 skólum (14: 2.520, 15: 2.430 og 16:7.110).

Meðaltal í bekk 1998-1999:

Leikskólabekkur 19,5 nemendur, 1.b. 21,9 nemendur, 2.b. 22,3 nemendur,

3.b 23,6 nemendur, 4.b. 24,9 nemendur, 5.b. 24,2 nemendur, 6. b. 24,9 nemendur,

7. b. 25,5 nemendur, 8. b. 25,5 nemendur

Alls meðaltal leikskólabekkja: 19,5 nemendur

Alls meðaltal í 1. - 8. bekk: 23,7 nemendur

Fjöldi nemenda á kennara (1998-1999): 16,8

Dæmi um mönnun skóla með 420 nemendur: Alls 40 manns, þar af 22,8 kennarar, 5 aðstoðarkennarar í fullu starfi, bókasafnsfræðingur, tveir aðilar sem sinntu nemendum af indjánaættum, aðstoðarfólk í leikskólabekk, umsjónarmaður húss og aðstoðarfólk hans og starfsmenn í mötuneyti, auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Hlutfall nemenda sem lauk 12. bekk 1996-1997: 85%. 1997-1998: 83%.

Hlutfall brottfallsnemenda (7.-12. b.) 1996-1997: 3,2%. 1997-1998: 3,5 %.

Hlutfall kennara á nemendur: 1997-1998: 1:6,9 1998-1999: 1:6,8.

Dæmi: Í umdæmi 18 hafði tilfellum um brottrekstur úr skóla í 5-10 daga fækkað úr 1.193 skólaárið 1998-1999 í 881 skólaárið 1999-2000 (fram til 30. mars).

Skóladagar nemenda yfir skólaárið: alls 186.

Skólaár 1999-2000: 7. september - 23. júní.

Vinnudagar kennara: 195 (þar af 7 dagar fyrir símenntun og skipulagsvinnu).

Viðtöl við foreldra fara fram utan kennslutíma.

Samræmd próf eru lögð fyrir í 3., 5., 8. og 11. bekk. Unnt er að sækja um undanþágu frá því að taka samræmd próf vegna vanþroska, fjölfötlunar eða mikils námsvanda og að ekki sé talið við hæfi að nemandi taki prófið eða talið er að hann skaðist af því.

Skipulag og stjórnun nemenda í vanda er sundurgreind í tvö svið: Stjórnun og skipulag þjónustu við nemendur í vanda fer fram bæði í skólum og fræðsluskrifstofum:

A. Nemendur með námsvanda og sérþarfir vegna fötlunar annar vegar (e. Learning disabilities and exceptionalities).

B. Nemendur í félagslegum og hegðunarlegum vanda hins vegar (e. At-Risk students).

## Salamanca - yfirlýsingin

---

Skóli án aðgreiningar í New Brunswick á sér m.a. stoð í Salamanca - yfirlýsingunni<sup>19</sup>.

Fulltrúar 92 ríkja, þ.á.m. Íslands, og 25 alþjóðasamtaka komu saman í Salamanca á Spáni, árið 1994, á ráðstefnu UNESCO og spænska menntamálaráðuneytisins. Tilgangurinn var að ræða um menntun nemenda með sérþarfir og móta stefnu um skóla fyrir alla. Staðfest var skuldbinding um menntun öllum til handa og viðurkennd brýn þörf á að veita börnum og ungmennum með námslegar sérþarfir menntun innan almenna skólakerfisins. Jafnframt var tekið undir rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir og þess vænst að ríki og stofnanir hafi að leiðarljósi það sem felst í boðskap hennar og tillögum. Orðrétt hljóðar yfirlýsing frá yfirvöldum menntamála á Íslandi svo: „Menntamálaráðuneytið væntir þess að yfirlýsingin og rammaáætlunin um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir geti orðið Íslendingum að leiðarljósi.“

### Upphaf yfirlýsingarinnar:

**Við ítrekum** rétt hvers einstaklings til menntunar, eins og kveðið er á um í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948, og staðfestum það fyrirheit, sem samfélag þjóðanna gaf árið 1990 á Alþjóðaráðstefnunni um menntun öllum til handa, að sá réttur verði öllum tryggður, hversu sundurleitir sem einstaklingarnir eru.

**Við höfum hugfastar** endurteknar yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, síðast og eindregnast í Viðmiðunarreglum um jöfnun tækifæra fyrir fatlað fólk, samþykktum árið 1993, þar sem lagt er að ríkjum heims að tryggja að skólaganga fatlaðra verði heildstæður þáttur í almenna menntakerfinu.

**Við gerum okkur grein fyrir** þeirri ánægjulegu breytingu sem orðið hefur með aukinni viðleitni af hálfu ríkisvalds, hagsmunasamtaka og foreldrasamtaka og ekki síst samtaka fatlaðra til að auðvelda skólagöngu þorra þeirra sem háðir eru sérþörfum og enn eiga vanda sinn óleystan. Virk þáttaka háttsettra fulltrúa margra ríkisstjórna, sérstofnana og alþjóðasamtaka á þessari alþjóðaráðstefnu staðfestir þennan áhuga.

Inngangi þessum er fylgt eftir með staðfestingu skuldbindinga, yfirlýsingum og áskorunum á stjórnvöld allra landa, samfélag þjóðanna, sérstofnanir og alþjóðastofnanir að fylgja málinu eftir með markvissum aðgerðum, svo sem lagasetningu, fjárveitingum, tilraunaverkefnum o.fl., alls í fimm köflum.

---

<sup>19</sup> Salamanca - yfirlýsingin og Rammaáætlun um aðgerðir. Alþjóðleg ráðstefna um menntun nemenda með sérþarfir, Menntamálaráðuneytið, 1995

## Rammaáætlunin um aðgerðir skiptist í eftirfarandi:

- I. Nýjar hugmyndir um menntun nemenda með sérþarfir
  
- II. Leiðbeiningar um aðgerðir í hverju landi
  - A Sefnumótun og skipulag
  - B Skólarnir sjálfir
  - C Val og þjálfun fólks til kennslustarfa
  - D Stöðkerfi fyrir skóla
  - E Forgangsverkefni
  - F Sjónarhóll heimabyggðar
  - G Hvað þarf til
  
- III. Leiðbeiningar um aðgerðir á svæðisbundnum eða alþjóðlegum grundvelli.



Farið yfir reynslu dagsins undir stjórn fræðslustjóra.

## Úr aðalnámskrá grunnskóla á Íslandi frá 1976

Til fróðleiks er hér gluggað lauslega í *Aðalnámskrá grunnskóla - Almennan hluta*, frá árinu 1976 sem markaði stefnu hér á landi varðandi röðun og blöndun nemenda í bekki í grunnskólum.<sup>20</sup> Þess er vænst að með því sé auðveldara að bera saman hvernig staðið hefur verið að stefnumörkun í þessum efnum hér á landi á svipuðum tíma og þeir vestra voru að fara af stað, ásamt stöðu okkar nú í ljósi þess sem við sáum í New Brunswick.

Á svipuðum tíma og Kanadamenn voru að hefja sínar breytingar var mikil gerjun í skólamálum hér á Íslandi. Því þykir við hæfi að rifja stuttleg upp til samanburðar stefnumörkun íslenskra stjórnvalda og markmið skólastarfs í kjölfar laga um grunnskóla árið 1974. Í aðalnámskrá frá árinu 1976 er meðal annars fjallað um námsskipan, hópastærðir, hópasamsetningu og stuðnings- og hjálparkennslu. Á bls. 33-34 segir m.a.:

Algengt hefur verið að skipa nemendum í deildir eftir árangri í námi eða einhvers konar skólaþroskaprófum. Sennilega hefur sú skoðun legið til grundvallar slíkri skiptingu í bekkjardeildir, að auðveldara væri að skipuleggja kennsluna og hún kæmi að betri notum, ef nemendur væru álíka að kunnáttu. Til grundvallar slíkri skoðun er líklega það viðhorf að hlutverk skólans og kennara sé að miðla ákveðinni þekkingu sem ýmist er að finna í námsbókum eða þekkingarsjóði kennara (fyrirlestraráðferð).

Á undanförnum hálfum öðrum áratug eða svo hafa mjög miklar rannsóknir verið gerðar á skipan í bekki og námshópa og áhrifum þeirrar röðunar á námsárangur og viðhorf nemenda. Til að bregða ljósi yfir í hvaða átt niðurstöður þessar hníga skal bent á eftirfarandi:

1. Langflestar rannsóknir benda til þess að börn sem skipað er í lökustu bekki hafi að jafnaði alist upp í einhæfu, fábrotnu umhverfi. Margt bendir til að skólinn eigi töluverðan þátt í að viðhalda og jafnvel auka þann mun í þroska barnanna þegar þeim er skipað í bekkjardeildir eftir námsárangri eða eftir námsgetu. (Innskot höfundar: Hér er þess getið að um niðurstöður erlendrar rannsóknar sé að ræða og að hér á landi hafi þetta ekki verið rannsakað á viðhlítandi hátt). Margt bendir þó til að sömu sögu sé að segja hér.

2. Niðurstöður benda til að treggreindir nemendur og nemendur í tæpu meðallagi að greind (hér er átt við þá greind sem mæld er með greindarprófum) standi sig yfirleitt öllu betur í skólum sem raða nemendum í bekki án tillits til námsgetu heldur en í skólum sem miða bekkjarskipan við mat á námsgetu. Meðalgreindir nemendur og nemendur í góðu meðallagi að greind virðast yfirleitt einnig standa sig öllu betur þegar ekki er raðað eftir mati á námsgetu. Vel greindir nemendur virðast yfirleitt standa sig álíka vel hvort sem raðað er í bekki eftir mati á námsgetu eða ekki.

...Margt bendir þó til að það sé ekki bekkjarskipanin sjálf sem mestu ræður um árangur kennslu, heldur kennsluáðferðin. Þegar raðað er í bekki eða námshópa af handahófi þurfa kennsluáðferðir að vera í samræmi við samsetningu hópsins og eðli verkefna eigi allir nemendur að geta notið kennslunnar sæmilega. Vinnubrögð verður að velja með tilliti til getu þeirra sem bekkinn eða hópinn skipa og beinast meira að hverjum einstaklingi en áður hefur verið.

<sup>20</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*, Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknardeild, sept. 1976

Um stuðnings- og hjálparþekkslu, eins og sérþekksla er nefnd, segir m.a:

...Almennir kennarar þurfa að hafa sérþarfir í huga eins og vikið hefur verið að hér að framan. Yfirleitt ætti að reyna að leysa vandamál hvers einstaks nemanda í hópi fastra vinnufélaga hans í skólanum og forðast að flytja nemendur í svonefnda „hjálparkennslu“.

Í lok námskrárinnar er samantekt. Fróðlegt er að skoða hana í ljósi framangreindrar umfjöllunar um skóla fyrir alla í Kanada en ekki síður í ljósi umræðu líðandi stundar hér á landi um framtíðarskólann. Síðast en ekki síst er hún fróðleg vegna þess að um er að ræða tæplega 30 ára gamlar viðmiðunarreglur á útfærslu skólaskipunar samkvæmt lögum. Í samantektinni segir:

Það á ekki að skipta nemendum í bekkjardeildir eftir námgetu eða námsárangri.

Reyna ætti, innan ákveðina marka, að hafa nemendur á mismunandi aldurstigum saman í hópum.

Kennarar eiga að vinna saman að skipulagningu og einnig að framkvæmd námsstarfs misstórra og mismunandi hópa.

Kennarar með sem fjölbreytilegasta hæfileika eiga að vinna saman í starfshópum.

Stærð hópa nemenda og kennara á að vera mismunandi og ráðast af viðfangsefnum og aðstæðum hverju sinni.

Það á að skipuleggja skólastarfið þannig að það sé ekki alltaf bútað niður í fyrirfram ákveðnar tímaeiningar, heldur getur líka áhugi og vinnugleði nemenda og kennara ráðið því, hve kennslustundir eru langar.

Það á að koma skólastarfinu þannig fyrir að ákveðnir hópar nemenda og kennara starfi ekki of lengi saman en reyna heldur að láta eðlileg skil viðfangsefna ráða.

Einstaklingshjálp á að fara fram í eðlilegu skólastarfi nemendahópanna fremur en að safna nemendum með ríkar sérþarfir í sérstaka hjálparþekkslu.

Námumhverfið (ytri aðstæður) á að vera sem fjölbreytilegast og sveigjanlegast með fjölbreytt námsefni á boðstólum, þannig að nemendur geti sinnt mismunandi verkefnum á sama tíma.

Það á að samþætta hefðbundnar námsgreinar í ákveðnum viðfangsefnum og forðast að gera mun á mikilvægi einstakra námsgreina.

Svo mörg voru þau orð. Manni verður á að hugsa: Hjólið er löngu uppfundið - eða hvað?

## IV. Skóli án aðgreiningar í New Brunswick

Höfundar: Elín G. Ólafsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir

*Hér er annars vegar stuttlega rakin saga stefnumörkunar og aðdraganda breytinga á skólahaldi í New Brunswick og greint frá helstu þáttum laga um skóla án aðgreiningar og hins vegar er gerð grein fyrir framkvæmdinni eins og hún birtist okkur.*

### Aðdragandi

Í New Brunswick, sem annars staðar, hafa alltaf verið til börn með miklar námslegar sérþarfir eða fötlun. Þeim sem yfirhöfuð var kennt fyrr á tímum var kennt aðgreint líkt og fráfærulömbum. Í Kanada var framkvæmdin í samræmi við þágildandi sérkennslulög (e. *The Auxiliary Classes Act*). Þessi háttur var vissulega hafður á að bestu manna yfirsýn á þeim tíma og með heill nemenda að leiðarljósi.

Skipan mála er varða heill og menntun nemenda sem vegna alvarlegrar fötlunar eða annarra sérþarfa þurfa sértæka sinningu og sérþekkingu er ekki einföld eða svarthvít. Fólk er að fikra sig áfram eftir bestu vitund og reyna að finna farsælustu leiðina. Á sama tíma og skóli án aðgreiningar er gerður að meginreglu (sbr. Salamanca- yfirlýsinguna) er eftirspurn eftir góðum sérskólum fyrir börn með sértæka fötlun fyrir hendi víðast hvar í heiminum. Ólíklegt er að þeir eða önnur sérúrræði hverfi með öllu, veiti þau viðeigandi eða betri þjónustu en fæst í almenna kerfinu að mati þeirra sem mestra hagsmuna eiga að gæta.

Í New Brunswick hefur það álit manna hins vegar smám saman náð yfirhöndinni að þótt námslegum sérþörfum sé vel sinnt með aðgreiningu í kennslu sé ekki unnt að rækta þannig nægjanlega aðra þroskaþætti, s.s. félagsþroska sem talinn er eflast betur í samskiptum við þá sem ekki teljast hafa sérþarfir.

Á undanförunum rúmum þremur áratugum hefur starfsemi og þjónusta almennra skyldunámsskóla í New Brunswick því verið að þróast frá hefbundinni skólaskipan þar sem nemendur með mikla fötlun, náms- eða hegðunarerfiðleika hlutu kennslu utan hinnar venjulegu kennslustofu. Umskiptin felast í því að nú er þeirri meginreglu fræðslulaga héraðsins framfylgt að allir nemendur eigi rétt á námi í heimaskóla sínum.

Breytingar þessar hafa vakið umtalsverða athygli í áranna rás og valdið harðvítugum deilum sem jafnvel hafa endað í réttarsal.<sup>21</sup> Nokkur fræðsluumdæmi sem andvíg voru þessari námsskipan fóru dómstólaleiðina til að reyna að hnekkja kröfum foreldra um skólahaldi í anda laganna. Hæstiréttur Kanada felldi hins vegar dóm árið 1996 sem staðfesti endanlega að stefna og andi laganna frá 1986 um skóla án aðgreiningar skuli lögð til grundvallar og gilda sem meginregla.

<sup>21</sup> Gordon L. Porter and Julie A. Stone, *The Inclusive school Model: A Framework and Key Strategies for Success*, mars 1997

Í endurnýjaðri útgáfu af ritinu *Working Guidelines on Integration*<sup>22</sup>, frá 1988 er greint frá aðdraganda skóla án aðgreiningar. Þar er m.a. stutt lýsing á því hvernig tíðarandinn hafði áhrif á að lögum um skyldunámsskóla var breytt. Meginmál ritsins snýst hins vegar um þungamiðju *Bill 85* lagafrumvarpsins sem lagt var fram 1985 (sjá fskj. nr. 3) og var samþykkt sem lög ári síðar, eða árið 1986. Eftir þeim lögum er starfað nú.

Þótt Kanadamenn eigi sér langa sögu og merka varðandi stefnumörkun og rekstur skóla án aðgreiningar segja þeir að upprunann megi rekja til Bandaríkjanna þegar þar hófst barátta fyrir blöndun allra nemenda í almennum skólum með tilheyrandi lagasetningu (Public Law 94-142) en þau lög tryggðu öllum bandarískum börnum ókeypis, almenna menntun. Í Kanada má aftur á móti rekja sögu hugmynda um skóla af þessu tagi allt aftur til sjöunda áratugarins.

Árið 1968 var birt í Kanada stefnumarkandi skýrsla, *The CELDIC Report, One Million Children*, þar sem ný stefna ríkisins í skyldunámi var fyrst birt. Hún fól í sér þá stefnu að kenna eigi öllum börnum í heimaskólum, án tillits til andlegs- eða líkamlegs ástands. Í skýrslu þessari er hvatt til blöndunar og að allir nemendur hljóti almenna menntun í venjulegum bekk í stað aðgreindrar kennslu í sérdeildum eða sérskólum eins og þá var samkvæmt *The Auxiliary Classes Act*, sérkennslulögum sem hafa nú verið afnumin.

Í lauslegri snörun segir í *The CELDIC Report*:

...kennurum (og öðrum) hefur verið talin trú um að einungis aðrir sérfræðingar en þeir væru færir um að hjálpa nemendum með sérþarfir. Af þessu leiddi að lykilmanneskjan, kennarinn, sem á að gegna hlutverki brjóstvarðar nemenda finnur sig vanmegnugan og hið sama gildir um nemanda sem settur er sér á sér bás. Námsaðgreiningin undirstrikar að hann sker sig úr hópnun.

Aðgerðir til aðgreiningar eru fjölmargar og góðra gjalda verðar margar hverjar en grundvallarsjónarmiðið er þó ljóst. Nemandi fyllist vanlíðan þegar erfiðleikar hans eru undirstrikaðir og magnaðir við aðskilnað frá öðrum; með einangrun í sérhópi á grundvelli sérstakra þarfa.

...Niðurstaðan er dagljós. Aðrir sérfræðingar verða að verja meiri tíma og kröftum til að styðja og styrkja í starfi þann/þá sem gerðir eru ábyrgir fyrir daglegri umsjá nemenda, sér í lagi nemenda með tilfinningalega- og námslega örðugleika.

Því er lagt til að réttur nemenda sé að aðstoð sem nauðsynleg er vegna tilfinningalegra- og námslegra örðugleika sé innt af hendi á þann veg að hún ýti undir og styrki sjálfsmynd nemandans í eigin augum og annarra.

Þjónustu þessa ber að veita í heimahverfi þannig að hún falli að almennu, daglegu lífi barnisns og þess raunveruleika sem það lifir og hrærist í. Með því er lögð áhersla á fjölskyldutengslin og venjulega bekkjardeild í almennum skóla. Lögð er til margvísleg aðstoð við fjölskyldur; leikskólavist, heimaaðstoð/hlynning, ráðgjöf o.fl. Einnig er lagt til að umsjónarkennarar fái skjóta og góða ráðgjöf á vettvangi í skólanum og frá sveitarfélaginu til að auka hæfni þeirra og styrkja þá í að vinna með nemendum með tilfinningalega- og námslega örðugleika.

Í þessu skyni eru lagðar fram tillögur um gagngerar breytingar á skólakerfinu í heild ásamt uppstokkun og endurskipulagningu á sérkennslu í því augnamiði að hún fari fyrst og fremst fram í venjulegri bekkjardeild fremur en með aðgreiningu í sérdeildum eða sérskólum.

<sup>22</sup> *Working Guidelines on Integration*, Student Service Branch, Department of Education, Fredericton, N.B. 1988.

Afleiðing þessara og fleiri aðgerða leiddi til þess að blöndun fór að skjóta upp kollinum hér og þar í atvinnulífinu og á stöku stað innan skólakerfisins. Í Woodstock/Nackawic fræðsluumdæminu var t.d. þá þegar unnið að mótun hugmyndafræði blöndunar og kennslu í heimaskóla undir handleiðslu prófessors Gordons Porters, þáverandi forstöðumanns þjónustusviðs fræðsluumdæmis 12, og samstarfsfólks hans.

Löggjafarvaldið í Kanada, þ.e. ríki og sjálfstjórnarhéruð hófu um þessar mundir að endurskoða lagalegar skyldur sínar varðandi menntun nemenda með sérþarfir. Þeirri endurskoðun lauk eftir að fólk hafði fíkrað sig varlega áfram á þessari braut, með lagasetningu sem ætlað var að bæta fyrirkomulag kennslu og þjónustu við alla nemendur. Það ber að skilja bókstaflega í samræmi við orðanna hljóðan, þ.e. átt er við alla nemendur.

Hér skal áréttað að þótt í þessari skýrslu sé nær eingöngu fjallað um úrræði til að koma á skóla án aðgreiningar og aðgerðir til að koma til móts við nemendur með sérþarfir er jafnframt lögð rík áhersla á þarfir þeirra nemenda sem skara fram úr eða standa sig vel í námi í New Brunswick.

Óþarft er að taka fram að allar aðgerðir sem stuðla að aukinni fjölbreytni viðfangsefna nemenda og starfshátta í kennslu, auknum stuðningi við bekkjarkennara og nemendur, aukinni menntun og símenntun þeirra sem vinna með nemendum og auknu samstarfi kennara, koma öllum nemendum til góða.



Áhugasamir gestir – þrúð skólabörn í líflegu umhverfi, kennari og uppeldisfulltrúi í Woodstock.

## *Frumvarp til laga – Bill 85*

Árið 1985 lögðu stjórnvöld í New Brunswick fram frumvarp til laga, *Bill 85*, þar sem núverandi stefna, markmið og leiðir í starfi skóla án aðgreiningar í New Brunswick er mörkuð. Þar eru m.a. tekin af öll tvímæli um að það er menntamálaráðherra og fræðsluyfirvöld viðkomandi fræðluumdæmis sem bera ábyrgð á menntun allra nemenda á skólaskyldualdri.

Ef reynt er að draga saman þyngdarpunktana standa eftirfarandi þrjú áhersluþættir uppúr sem aðal laganna:

Í fyrsta lagi eru afnumin heimildarákvæði sem unnt var að beita til að hindra aðgang sumra barna að almennum skólum.

Í öðru lagi er lögð rík áhersla á að nám, viðfangsefni og kennsluhættir séu aðlöguð að sérhverjum nemanda með viðeigandi starfsháttum og námsefni við hæfi.

Í þriðja lagi er kveðið afdráttarlaust á um þá meginviðmiðun fræðsluyfrvalda í New Brunswick að nemendur með sérþarfir blandist öðrum nemendum í almennum bekkjardeildum í almennum skyldunámsskóla.

Meginmál ritsins, *Working Guidelines on Integration*, er nákvæm útlístun á eftirfarandi sjö efnisatriðum gildandi laga, frá 1986, þ.e. skilgreining á stefnumörkun, markmiðum og leiðum: a) Námsáætlun sérkennslu, b) Nemandi með sérþarfir, c) Þátttaka foreldra, d) Einstaklingar þriggja til tuttugu og eins árs, e) Ákvæði um kennslu og þjónustu annars staðar en í skólum, f) Fjármögnun, g) Staðsetning nemenda (sjá fskj. nr. 2).

## *Ein lög fyrir alla nemendur í skyldunámi frá 1986*

Fram til ársins 1986 höfðu gilt sérstök lög um nemendur með sérþarfir sem m.a. heimiluðu fræðsluráðum að meina einstaklingi aðgang að almennum skóla ef hann var greindur svo „andlega fatlaður að vafi leiki á um að skólasókn komi að gagni.“

Undanfari samningar og setningar laga þessara var m.a. sá að árið 1981 setti menntamálaráðherra New Brunswick á laggirnar nefnd sem átti að gera úttekt á gildandi sérkennslulögum og þjónustu sem þeir hlutu sem undir þau féllu. Eftir viðamikla úttekt varð samkomulag um að í stað þess að bæta sérkennslulög og reglugerðir þar að lútandi bæri að breyta lögum um almennt skólanám í þá veru að ein lög giltu um alla nemendur skyldunámsskóla. Þau lög skyldu m.a. kveða á um viðeigandi kennslu án endurgjalds til handa sérhverjum nemanda í skyldunámi.

Niðurstöðum úttektarinnar var almennt vel tekið í samfélaginu, enda margt í umhverfinu sem hafði erjað jarðveginn á þeim tíma og stuðlaði að góðum viðtökum. Eitt með öðru í því efni var augin almennt vitund um mannréttindi á þessum árum. Alþjóðlegt átak til að bæta hag barna og fatlaðra, s.s. *Ár barnsins* og *Ár fatlaðra*, voru einnig lóð á vogarskál þeirra viðhorfsbreytinga og umburðarlyndis sem nauðsynleg voru til að koma á breytingum sem lagasetningin innibær.

Kennarastéttin fór einnig í gegnum vaxtarskeið á þessum tíma; hafði m.a. tileinkað sér meiri menntun og skilning á þörfum nemenda með sérþarfir. Foreldrar barna með sérþarfir sem beittu sér höfðu einnig afdrifarík áhrif en þeir lögðu ríka áherslu á aukin námstækifæri fyrir börn sín inni í almennum hverfissskólum.

Árið 1991-92 var einnig gerð úttekt á framkvæmd fræðslulaganna frá 1986. Vísbendingar gáfu til kynna að starfið væri í góðum farvegi. Málið fór í almenna umfjöllun hagsmunaaðila. Niðurstaðan skilaði sér haustið 1993 í eins konar leiðarvísi um kennslu í skólum án aðgreiningar sem nefnist á ensku „*Best Practices for Inclusion*“<sup>23</sup>, í lauslegri snörun hér nefndur: „*Farsælasta framkvæmd skóla án aðgreiningar*.“ Höfundur þessarar skýrslu var tjáð að leiðarvísir þessi ásamt „*Working Guidelines on Integration*“ væru eins konar biblíur þeirra sem vinna að þessu verki í New Brunswick (hægt er að lesa um helstu atriðin í fylgiskjöllum 2 og 4).

Nám og menntun er í flestum tilvikum vítt hugtak sem túlka má á margan hátt. Takmark menntunar nemenda með sérþarfir í New Brunswick virðist vera að gera einstaklingnum kleift að vaxa og þroskast frá því að vera að mestu öðrum háður til þess að verða að einhverju eða öllu leyti sjálfbjarga við að efla hæfileika sína, færni og þroska.



Afrakstur listkennslu í meðferðarskóla í unglingafangelsi skoðaður.

<sup>23</sup> New Brunswick Department of Education, Student Services Branch (1994b). *Best Practices for Inclusion*. Fredericton, N.B.: Department of Education.

## Framkvæmd – Skóli án aðgreiningar í reynd

---

Hér á eftir er dregin upp mynd af framkvæmd skóla án aðgreiningar í New Brunswick eins og hún kom ferðalöngum fyrir sjónir, en einnig og ekki síður með hliðsjón af lesefninu sem okkur áskotnaðist í ferðinni.

Talað er um að sérkennsla í heiminum fari aðallega fram á fernan hátt (Porter, 1998). Nemendur með sérþarfir (þ.m.t. fatlaðir): a) eru fyrst og fremst í sérskólum, b) eru almennt í sérdeildum í almennum skólum, c) eru í sérskólum og sérdeildum en einnig í almennum bekkjum, fer eftir vilja foreldra eða möguleikum kerfisins til að taka við þeim (e. selective and conditional inclusion), sbr. fyrirkomulag í Reykjavík, d) fá nánast undantekningarlaust kennslu í hverfisskóla og eru í bekk með nemendum á sama aldri, fá stuðning sem tekur mið af styrk þeirra og þörfum (e. full inclusion).

### *Leiðarljós*

Meginleiðarljós í kennslu nemenda með sérþarfir í New Brunswick er, eins og komið hefur fram, skóli án aðgreiningar (e. inclusion). Sagt er að þróun síðustu ára hafi verið frá blöndun yfir í skóla án aðgreiningar (e. from integration to inclusion). Stuðningur og kennsla sem tekur mið af styrk og þörfum einstaklingsins er veitt innan bekkjar nemandans. Sérúrræði (e. alternate services) eru einnig í boði (School District 18, 2000).

Byggt er á eftirfarandi sýn: Allir nemendur geta lært, öll börn stunda nám í almennum bekk með jafnöldrum í heimaskóla, allir nemendur stunda nám eftir námskrá við sitt hæfi, öll börn taka þátt í félagsstarfi og öll börn njóta samráðs og samvinnu heimilis, skóla og hverfis síns. Kennarar vænta mikils af öllum nemendum sínum (New Brunswick Department of Education, Student Services Branch, 1994).

Til að unnt sé að kenna í samræmi við þessa sýn er stuðningur við bekkjarkennarann höfuðatriði. Hann hefur mest áhrif á nemandann.

Stuðningur við bekkjarkennara fer aðallega fram á þrennan hátt: a) Kennari hefur aðgang að ráðgjöf innan skólans sem byggir á samvinnu (e. collaborative consultant) og eru svonefndir aðferða- og úrræðakennarar í hverjum skóla (e. method and resource teacher); b) kennslan er skipulögð í mörgum lögum ef svo má segja (e. multi-level instruction) eða samvirkt nám þar sem séð er til þess að allir hafi verkefni við hæfi innan viðfangsefnis hverju sinni, c) lausna- eða stuðningsteymi er starfandi í skólanum kennurum til stuðnings (e. problem solving team) (Perner, ljósrit án ártals).

## *Breytingar*

Til að auðveldara sé að átta sig á þeim breytingum sem orðið hafa í kennslu og stuðningi við nemendur með sérþarfir í New Brunswick er hér dregin upp mynd af megináherslum áður en breytingarstarfið hófst, áherslum nú og framtíðaráformum (Gorham, J., [2000]; Perner, ljósrit án ártals).

Áður: Aðgreining, nemendur með sérþarfir í sérskólum og sérdeildum, sérstök sérkennsluver, áhersla á inntak, ljósinu beint að vandamálum nemandans, eitthvað er að honum og það þarf að lækna (e. deficit/defective student model/medical model), samræmdar reglur, fyrirlestur og innlögn kennara, eitt námsefni, ein aðferð, aðgreind úrræði, neyðarinnngrip, læknisfræðileg ráðgjöf. (Nemendur vistaðir í skóla, bekk eða fá þjónustu í samræmi við fyrirliggjandi úrræði og þarfir hvers og eins).

Nú: Samskipan nemenda með sérþarfir í bekkjum með öðrum nemendum á sama aldri, breytilegir hópar, innngrip, virðing fyrir margbreytileika og mismunandi aðferðum nemenda við að læra, fjölgreind, fjölbreytt námsefni, breytilegar náms- og kennsluáðferðir, námsefni við hæfi og samvirkt nám (e. differentiated instruction, multi-level instruction), ráðgjöf, samvinna og samráð. Meginbreytingin er að horfið hefur verið frá kennslulíkani sem byggði á sérdeildum og sérkennsluverum (e. special class and resource room model) yfir í samvinnu- og ráðgjafarlíkan (e. collaborative model).

Framtíð: Breytilegir hópar þvert á aldur og árganga, samþætt námskrá, innngrip og forvarnir snemma, fyrirbyggjandi fjölskyldu-, samfélags- og stjórnvaldsíhlutun margbreytileika hampað, sveigjanleiki og áhersla á að þroska jákvæða eiginleika og samræmt þjónustukerfi.

Lélegur námsárangur var áður skýrður með lágri greind, fjölskylduáðstæðum, stéttarstöðu, fötlun og skorti á námshvatningu. Nú er meira horft á árangurslitlar kennsluáðferðir, skort á stuðningi, óraunsæja námskrá, ómarkvissar lausnir á vandamálum og ómarkvissa símenntun (Gordon, 1998). Áður en skóli án aðgreiningar komst á beindist sérkennsla að nemandanum, fyrir hann voru lögð próf, gefið út greinandi mat (e. diagnostic profile), skipulögð sérúrræði fyrir nemendur og reynt að finna hentugt úrræði fyrir nemanda með sérþarfir. Í skóla án aðgreiningar er hinn almenni bekkur í brennidepli, áhersla á virka samvinnu við að finna bestu lausnir á hverjum tíma, kennsluáðferðir mæti þörfum bekkjar, áætlanagerð, sveigjanleiki í bekkjarstarfi og opin og sveigjanleg bekkarkennsla. (Porter, 1998).

## *Stuðningsaðgerðir í skóla án aðgreiningar*

Eftirtaldir sex þættir virðast einkenna framkvæmd skóla án aðgreinignar í New Brunswick:

Kennarar hjálpa kennurum;

- Í skólunum eru teymi um stuðning við nemendur;
- Úrlausna er fyrst og fremst leitað innan skólans;
- Leitað er stuðnings utan frá ef nauðsyn krefur;
- Framkvæmd og skipulag byggir á samvinnu (e. collaborative approach);
- Rök fyrir tilvísunum (School District 18, January 2000; Alternate Education Services, glærur án ártals).

Talið er að í hverjum skóla þurfi eftirfarandi aðstæður að vera fyrir hendi til þess að skóli án aðgreiningar verði að veruleika: a) Stuðningsteymi, b) stuðningsaðilar, c) áhersla á kennslu margbreytilegs nemendahóps, d) skuldbinding um símenntun og e) stöðug vinna við að leysa vandamál á hugmyndaþróun hátt (Porter, 1998). Skoðum þetta nánar.

### **a) Stuðningsteymi**

Í hverjum skóla er lausna- eða stuðningsteymi starfsmanna (e. school-based resource team/support team/service team/problem solving team). Í stuttu máli er um að ræða hóp kennara og annarra starfsmanna sem styðja hverjir aðra með því að koma með tillögur að lausn á tilteknu máli. Teymið er bekkjarkennurum til aðstoðar vegna nemenda með sérþarfir, stuðlar að andrúmslofti samvinnu í skólanum og dregur úr þörf á „sérfræðiaðstoð“ utan frá.

Teymið hittist vikulega, í 30 mínútur í senn, til að meta þörf fyrir aðstoð við kennara og forgangsraða viðfangsefnum til úrlausnar. Teymið skipa aðferða- og úrræðakennari (method and resource teacher), og stýrir hann því, námsráðgjafi (guidance counselor/guidance teacher), skólastjórnandi (skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri), kennari/kennarar, sálfræðingur eða annar aðili frá fræðsluskrifstofu eftir atvikum, aðstoðarkennari og stundum foreldrar eða nemendur.

Ferli teymisvinnunnar er í sjö þrepum:

- Kennari fer með mál nemanda til teymisins til að fá ráð og aðstoð. Foreldri getur einnig leitað til teymisins.
- Kennari gerir grein fyrir málinu (leggur gjarnan fram útfyllt eyðublað með bakgrunnsupplýsingum ásamt lýsingu á því sem hann ætlast til að nemandi geri en hann sinnir ekki).
- Teymið metur þarfir nemandans með hliðsjón af margvíslegum upplýsingum um hann, einkum með því að spyrja kennarann spurninga um hann (gjarnan útfyllt eyðublað frá kennara með sterkum og veikum hliðum nemanda).
- Þeir sem skipa teymið vinna síðan saman til að finna leiðir sem koma til móts við þarfir nemanda, allir viðstaddir taka þátt (e. problem solving process) (mestur hluti þessara 30. mín. sem fer í fundinn).

- Gert er óformlegt eða formlegt mat á færni nemanda, ef ástæða er talin til (á eyðublaði frá kennara um það sem þegar hefur verið reynt).
- Kennarinn velur vænlegustu leiðina úr þeim sem hugmyndum sem fram komu á fundinum og ber ábyrgð á að gera kennsluáætlun fyrir nemandann í framhaldi, gjarnan í samvinnu við úrræðakennarann (skráð). Komist að niðurstöðu.
- Teymi kemur saman aftur, ef þörf krefur, til að fylgja málinu eftir (áætlun á eyðublaði). Reynist það ekki fullnægjandi og talið að allar færar leiðir hafi verið farnar, er unnt að sækja um aðstoðarkennara eða aðra aðstoð (New Brunswick Department of Education, Student Services Branch, 1999; Fjölrit; Porter, 1998; Perner, ljósrit án ártals; Teachers helping teachers, handbók og myndband, án ártals). Skrefin sjö eru ekki skilgreind alveg eins alls staðar í heimildum sem fyrir lágu).

## b) Stuðningsaðilar

Í hverjum skóla er stuðningskennari eða fagstjóri í sérkennslu sem nefndur er „method and resource teacher“ (M&R) og nefna mætti á íslensku aðferða- og úrræðakennara. Hann aðstoðar bekkjarkennara við að leysa vanda nemenda í námserfiðleikum. Hann er reyndur og vel menntaður kennari, gjarnan menntaður sérkennari, sem nýtur trausts í kennarahópnum. Bekkjarkennari ræðir við hann, á við hann samstarf og sækir til hans ráð. Í fyrsta lagi leiðbeinir aðferða- og úrræðakennarinn kennurum um margbreytilegar kennsluáferðir, hefur samráð og samvinnu við bekkjarkennara, foreldra, sérfræðinga og stofnanir til að þess að stuðla að árangursríkri blöndun nemenda með sérþarfir í almenna bekki. Ekki er litið á úrræðakennarann sem sérfræðing sem tekur erfið mál yfir, þvert á móti er hann samherji sem vinnur með bekkjarkennara sem ber ábyrgð á kennslu nemenda sinna. Í öðru lagi kennir úrræðakennari, eftir atvikum, litlum hópum innan eða utan bekkjar eða kennir almennum bekk á meðan bekkjarkennari vinnur með nemanda eða nemendum með sérþarfir (t.d. til að kynnast þeim og eiga auðveldara með að miða kennslu sína við þá). Í þriðja lagi hjálpar úrræðakennari bekkjarkennara við að koma á og beita mismunandi skipulagi eftir þörfum (Perner, ljósrit án ártals). Í New Brunswick eru nú 575 úrræðakennarar í 1.- 12. bekk og hafa 94 þeirra M.A.-gráðu í sérkennslu (munnlegar upplýsingar).

Námsráðgjafi (e. guidance counsellor) aðstoðar kennara einkum vegna nemenda með hegðunar- og félagslegan vanda og vinnur með hópa nemenda. Hluti þeirra er í hlutastarfi, en aðrir eru í fullu starfi.

Í undirbúningi er að ráða hjúkrunarfræðinga að skólunum í New Brunswick.

Stuðningsfulltrúar (e. teacher assistants) eru hluti af stuðningskerfi skóla við nemendur með sérþarfir vegna námsvanda, líkamlegrar fötlunar og atferlisvanda og eru þeir mikilvægur liður í að unnt sé að framkvæma skóla án aðgreiningar. Þeir aðstoða kennara í bekkjarstofu, sérgreinastofu og á safni og starfa undir umsjón bekkjarkennara, úrræðakennara og/eða skólustjóra.

Þeir sinna einstaklingum og hópum nemenda, undirbúa námsefni og önnur kennslugögn, halda skrár o.fl. til að auðvelda kennara að ná markmiðum kennslunnar. Stuðningsfulltrúar hafa yfirleitt lokið fámhaldsskóla (High School Diploma við 17/18 ára aldur) og tekið þjálfunarnámskeið, sumir í eitt ár.



Á fundi með þekktun talsmanni skóla án aðgreiningar Dr. Gordon Porter.(maðurinn með gráa skeggið við hlið Sigrúnar Elsu, fulltrúa í fræðsluráði Reykjavíkur).

Stuðningsfulltrúar eru ráðnir til að vinna í 5-6 klst. á dag og er greitt tímakaup (12-14 Kanadadaliir á klst. eða 620-725 kr. ísl<sup>24</sup>). Vinnutími þeirra skiptist í tvær um þriggja klst. lotur með 15 mín. hléi á milli. Störf þeirra eru metin eftir sérstökum gátlista (New Brunswick Department of Education, Student Services Branch, 1994a; New Brunswick Department of Education, Student Services Branch, 1999a og 1999b). Skóli getur sótt um að fá stuðningsfulltrúa. Sótt er til fræðsluskrifstofu á sérstöku eyðublaði, en sýna þarf fram á að önnur úrræði hafa ekki komið að notum. Umsókn þurfa að fylgja meðmæli frá skólateymi, niðurstöður mats, atferlisdagbók og aðrar upplýsingar, auk yfirlits yfir öll inngrip og áætlanir sem reyndar hafa verið. Litið er á stuðningsfulltrúa sem stoð við kennara í bekk, en ekki sem stuðningaðila fyrir ákveðinn nemanda. Hver stuðningsfulltrúi sinnir yfirleitt nokkrum nemendum (New Brunswick Department of Education, Student Services Branch, 1999).

Í umdæmi 18 fengust þær upplýsingar að verið væri að undirbúa nám fyrir stuðningsfulltrúa sem mun standa í tvö ár eftir framhaldsskólapróf (e. high school diploma). Umsóknir um þessar stöður eru langt umfram þörf.

<sup>24</sup> Samkvæmt gengi Kanadals 11. apríl 2000 sem var 51,7 ísl. kr.

### c) Fjölbreyttar kennsluáðferðir

Fjölbreyttir kennsluhættir og kennsluáðferðir byggja á kenningum um fjölgreind og að nemendur séu misjafnir, læri á mismunandi hátt, allir eigi sínar sterku hliðar og allir geti þroskað margvíslega greind sína, eiginleika og hæfni. Nemendur læra einir sér eða saman í misstórum hópum, hjálpa hverjir öðrum, deila reynslu sinni og uppgötvunum og taka sameiginlegar ákvarðanir. Lögð er áhersla á hvetjandi námsumhverfi. Margs konar efni, tæki og miðlar eru nýtt til að auka á fjölbreytni í kennslunni (ljósrít úr námskrám). Beitt er samvirku námi nemenda (e. multi-level instruction), en það felur m.a. í sér að litíð er á bekkinn í heild (sjá fylgiskjal 3). Gerð er áætlun fyrir alla nemendur í hverri kennslustund, en einstaklingsmarkmið eru samofin heildaráætlun. Allir taka þátt í sama viðfangsefni en vinna með mismunandi áðferðum. Sérúrræðum fyrir einstaka nemendur er haldið í lágmarki.

Eitthvert meginefni er til umfjöllunar í kennslustund, það er kynnt með ýmsu móti nemendur beita mismunandi áðferðum og árangur nemenda er metinn á mismunandi hátt. Ekki þurfa allir að vinna allt (e. partial participation), mikilvægt er að hver og einn ljúki hluta af verkefni, en allir eru saman og öðlast sameiginlega reynslu (e. sense of community). Kennari skipuleggur kennslustund og spyr sjálfan sig: „Hvernig get ég tengt nemendur með sérþarfir inn í vinnuna í kennslustundinni?“

Talað er um fjögurra þrepa ferli:

- Kennari tekur ákvörðun um að tiltekið efni verði lagt til grundvallar kennslustund eða námseiningu.
- Kennari skipuleggur hvernig efnið er lagt fyrir, hann getur lagt fram efni sjálfur, nemendur geta aflað sér upplýsinga o.s.frv.
- Kennari skipuleggur að svo búnu hvernig nemendur vinna með efnið sem getur verið á margvíslegan og mismunandi hátt, hver eftir sínum námsáðferðum. Nemendur vinna ýmist einir eða í litlum hópum, einhverjir vinna einungis hluta efnisins, aðrir leita að frekara ítarefni til dýpkunar, enn aðrir tengja efnið við reynslu sína, sumir teikna, aðrir undirbúa leikræna tjáningu o.s.frv. Kennari er til aðstoðar nemanda við að setja sér markmið með vinnu verkefnisins.
- Lokapáttur í undirbúningi kennslunnar er að ákveða hvernig kennarinn ætlar að álykta um hvort einstakir nemendur náðu því meginefni sem fengist var við (Porter, 1998; Fjölrít; Perner, ljósrít án ártals; School district 12, Enrichment, án ártals).

Sérkennsluáætlun (e. special education program) er gerð fyrir nemanda með sérþarfir og byggir hún á niðurstöðum mats og/eða prófa (sjá fylgiskjal 2).

#### d) Símenntun kennara

Símenntun kennara til að takast á við kennslu seinfærra nemenda og nemenda með sértæka námsörðugleika beinist að því að þjálfa þá í að sjá og greina einkenni sem benda til námsvanda. Þeir læra aðferðir til að meta námsstöðu nemanda bæði formlega og óformlega. Jafnframt þjálfast þeir í að gera einstaklingsáætlanir og eiga samvinnu við foreldra um nám nemenda. Þeir læra að takast á við skyndileg áföll og atferlisvanda. Síðast en ekki síst þjálfast þeir í að beita margvíslegum kennsluáðferðum (e. multi-level instruction) til að mæta ólíkum nemendum, styrkja sterkar hliðar þeirra og beita samvinnunámi (e. cooperative learning). Leiðarljós í þessum efnum eru kenningar um fjölgreind (Howard Gardner), námsstíl (Dunn og Dunn), þrepanám (e. Quantum learning) (DePorter, Reardon, Singer-Nourie) og aðrar námskenningar (New Brunswick Department of Education, Student Services, 1999c). Flokkunarkerfi Bloom's er þarna einnig meðtalið (Porter, 1998).

Símenntun aðferða- og úrræðakennara felst m.a. í þjálfun í vettvangsathugunum, formlegum og óformlegum matsaðferðum, aðferðum til að leysa erfið vandamál (e. problem-solving techniques) og ráðgjafar- og samvinnufærni, auk þess sem fjallað er um lestrarkennslu og atferli. Símenntun kennara fer fram á sumrin og eftir kennslu síðdegis.

#### e) Stöðugt leitað lausna á vanda

Hugmyndarík og stöðug leit að lausnum á vandamálum byggir á því að kennari leitar fyrst að eigin lausnum, dugi þær ekki leitar hann til samkennara og ræðir við hann um málið. Næsta skref er að leita til úrræðakennara. Það getur leitt til þess að mál fer til umfjöllunar í stuðningsteymi skólans. Náist ekki árangur er leitað til sérfræðings utan skóla. Kennarinn á sem sagt ekki að sitja einn uppi með vandamál í nemendahópi sínum.

#### *Atferli, agi og atferlismótun*

Stuðningur við nemendur með alvarlegan hegðunarvanda byggist fyrst og fremst á atferlismótun. Skólar geta óskað eftir að fá aðstoð atferlisráðgjafa (e. behavior intervention mentor) frá fræðsluskrifstofu og tímabundna þjónustu atferlisþjálfara (e. behavior intervention worker).

Í fræðsluumdæmi nr. 18 (fjöldi nemenda um 13.000, 34 skólar) voru 10 stöðugildi atferlisráðgjafa (e. behavior intervention mentors), svo dæmi sé tekið, og sinnir hver þeirra 2 – 3 skólum. Í umdæmum 14, 15 og 16 (fjöldi nemenda um 12.500) voru þeir aftur á móti aðeins tveir. Hlutverk atferlisráðgjafa er að veita skólum aðstoð og ráðgjöf um inngríp vegna nemenda með mjög mikinn hegðunarvanda, að halda námskeið og þjálfa kennara. Þeir hafa yfirleitt B.A.–próf í sálfræði, félagsráðgjöf eða menntunarfræðum eða eru kennarar og hafa hlotið sérstaka þjálfun í atferlismótun. Æskilegt er talið að þeir hafi þekkingu á ýmsum kenningum um atferli (Fjölrit án höfundar og ártals; District 14, 15, 16, Support system, 1999).

Atferlisþjálfar hafa gjarnan lokið tveggja ára sérstöku námi eftir framhaldsskólapróf (e. high school diploma; er lokið við 17/18 ára aldur) sem er þá á svipuðu skólastigi og tvö síðustu ár í framhaldsskóla hér á landi. Þeir fást fyrst og fremst við atferli nemenda en ekki nám. Í umdæmum 14, 15 og 16 eru 24 stöður atferlisþjálfara (District 14, 15, 16, Support system, 1999).

### *Heillavænlegt námsumhverfi*

Átak til að stuðla að jákvæðu námsumhverfi fór nýlega af stað í New Brunswick (e. Positive Learning Environment). Einkunnarorð þess eru: Öruggari skólar – öruggari hverfi. Því er m.a. lýst þannig:

Allir – nemendur, starfsmenn og foreldrar – njóta virðingar og bera virðingu hverjir fyrir öðrum. Nemendur eiga rétt á að stunda nám án truflana frá öðrum og bera ábyrgð á að trufla ekki aðra. Nemendur bera ábyrgð á hegðun sinni hafi þeir til þess þroska. Kennslan er árangursrík og nemendur finna að þeir eru hluti hópsins, finna stuðning og eiga gott samband við a.m.k. einn fullorðinn í skólanum. Árangur, hegðun við hæfi og framfarir eru áherslupættir og þeim er fagnað og hampað.

Allir skólar gera áætlun um heillavænlegt og hvetjandi námsumhverfi og er skólastjóri ábyrgur fyrir því. Skólar fá aðstoð og ráðgjöf frá fræðsluskrifstofu. Talsverðu fé hefur verið veitt í átakið. Sett hafa verið viðmið um hegðun og viðbrögð við óæskilegri hegðun, þ.m.t. skammtímabrottvísun eða vistun (Fjölrít án höfundar og ártals).

Gefinn hefur verið út bæklingur til stuðningsaðila um það hvernig þeir geti styrkt þetta átak. Foreldrum er bent á að þeir geti stutt það m.a. með vinsamlegu viðhorfi til náms og skóla, með því að sýna áhuga á námi barna sinna, taka þátt í heimanámi og að vikulega geri fjölskyldan eitthvað saman. Nemendum er bent á að styðja þetta átak með því m.a. að læra að nota sjálfstjórnaraðferðir og viðurkenna að við veljum atferli okkar. Kennarar eru hvattir til að fara á námskeið í bekkjarstjórnun og beita samvinnutækni við lausn agamála.

Íbúum hverfa er bent á mikilvægi þess að líta hverjir eftir öðrum, styðja klúbbastarfsemi, vinna saman að ýmsum málum o.s.frv. (New Brunswick Department of Education, Student Services og Department of the Solicitor General, án ártals).

Í umdæmum 14, 15 og 16 hefur, svo dæmi sé tekið, verið gerð áætlun um símenntun allra stafsmanna skóla með námskeiðum og fræðslufundum í því skyni að hrinda markmiðum átaksins í framkvæmd (District 14, 15, 16, Professional Development, 1999).

Skyldur foreldra í viðleitni skóla til að stuðla að aga og jákvæðu atferli í bæklingi frá umdæmum 14, 15 og 16 og í öðrum bæklingi frá umdæmum 10, 12 og 13, eru sagðar vera eftirfarandi:

Vænta mikils af barni sínu, jafnt í hegðun sem námi, sjá til þess að barnið mæti á réttum tíma í skólann, skapa barni sínu gott námsumhverfi heima, vera í góðu sambandi við kennara, vera samvinnufús og sýna áhuga á að vinna með kennurum við að leysa vanda sem upp kann að koma.

## Ýmis námsúrræði og kennsluþjónusta (e. Alternate education services)

Þótt meginreglan í New Brunswick sé að allir nemendur stundi nám í almennum skyldunámsskólum er raunveruleikinn sá sami þar og annars staðar að aldrei rekast allir í almennum skólum. Skýrt kemur fram í kynningu á skóla án aðgreiningar að óaðskiljanlegur þáttur í framkvæmdinni sé stuðningur við bekkjarkennarann og að val sé um önnur námsúrræði til viðbótar við almennu skólana. Því eru rekin námsúrræði og kennsluþjónusta jafnhliða skyldunámsskólanum. Um er að ræða tímabundin sérúrræði af ýmsu tagi, fyrir börn og ungt fólk sem dottið er úr námi, sækist skólanám illa, eru frá skóla vegna veikinda eða eiga í félagslegum eða andlegum og námslegum vanda. Nemendur á ýmsum aldri eiga kost á námsúrræðum þessum en á mismunandi forsendum og í mislangan tíma.

Námsúrræðin eru ólík eins og þeir sem þau stunda, en þó lík að því leyti að takmarkið er eitt og hið sama, þ.e. að veita börnum og ungu fólki námsaðstoð og félagslega endurhæfingu og hjálpa þeim þannig að halda sér inni í gangverki samfélagsins. Inntak, tilgangur og skipulag þessara úrræða eru afar mismunandi. Ýmist stendur námið í nokkrar klukkustundir á dag eða í fullan skólatíma. Það fer m.a. fram í dagskólum eða kvöldskólum samhliða heimaskóla, í heilsdagsskólum, námi heima, í sumarskólum og með sjúkrakennslu. Inntakið er ýmist almenn hjálparkennsla, þjálfun í undirstöðugreinum, endurhæfing eða kennsla sem miðar að ígildi lokaprófs úr framhaldsskóla (e. Alternate High School Diploma).

## Námsver

Sem dæmi um námsúrræði (e. Alternate education services) í fræðsluumdæmi 18 er námsver eða námsmiðstöð (The Learning Center) fyrir ellefu 18-20 ára ungmenni, „harða“ unglunga með félagsleg vandamál sem eiga í útistöðum við lögreglu, hafa dottið úr skóla og því ekki lokið framhaldsskóla (e. high school). Samkvæmt upplýsingum á staðnum koma flestir þeirra frá fátækum heimilum (95%) og margir frumbyggjar eru á biðlista, en þeim er þrisvar sinnum hættara við en öðrum að detta úr skóla. Nemendur koma í þetta námsver samkvæmt tilvísunum frá ýmsum aðilum og eru valdir inn í verið úr þeim tilvísunum. Meðaldvalartími í námsverinu er um 20 dagar. Hins vegar kom fram í viðtali við annan kennara versins að sumir vildu ólmir fá að vera þarna áfram.

Markmið starfsins er að vinna með viðhorf, breyta hegðunarmynstri og þjálfa færni nemenda þannig að þeim auðnist að útskrifast með ígildi framhaldsskólaprófs. Þetta námsver heimsótti hópurinn fyrsta daginn.

Námsverið starfar í tveimur stofum á efri hæð almenns hverfisskóla, miðskóla. Við námsverið starfa tveir kennarar og eru nemendur þar í 3 klst. daglega eftir hádegi.

Húsnæðið var fremur gamaldags en heimilislegt þegar inn í vinnurými nemenda var komið. Þarna ríkti ró og friður, góður vinnuandi og ekki var unnt að merkja að þarna væru á ferð einstaklingar með uppsteit gagnvart hinu almenna skólakerfi. Nemendur komu vel fyrir, unnu að mestu útaf fyrir sig, hér og þar í rýminu, við mismunandi og misþungu verkefni.

Kennarinn gekk um og leiðbeindi þegar þörf var á en flest verkefni virtust sjálfstýrandi og nemendur ekkert niðurlútir yfir að vera í þessari aðstöðu. Ein stúlkan sagði ástæðuna fyrir veru sinni þarna þá að hún nennti alls ekki að vakna á morgnana og væri því hætt að mæta í skólann sinn: „Það er bara miklu betra að læra svona eftir hádegi.“ Ekkert mál!

## Hæfingarskóli og námsver

Í Miramichi í fræðsluumdæmi 16 voru heimsótt tvö námsúrræði. Annars vegar var um að ræða sambland af hæfingarskóla og námsveri (e. The Learning Center). Hins vegar heimsótti hluti hópsins meðferðarskóla sem var í meðferðarstofnun eða unglíngafangelsi fyrir ungmenni (e. Youth Training Facility). Húsnæði hæfingarskólans og námsversins (e. The Learning Center) var á tveimur hæðum, gott dæmi um óhentugt húsnæði með sál og gott starf. Þarna eru þrír hópar nemenda sem eru illa settir andlega og félagslega, með athyglisbrest og ýmsa félagslega erfiðleika (glærutexti ódagsettur og munnlegar upplýsingar á staðnum).

Stærsti hópurinn í námsverinu, 65 nemendur yngstu bekkja (K-2) eru 2 klst. daglega í lestrar- og stærðfræðiþjálfun til viðbótar við kennslu heimaskólans sem flest þeirra sækja einnig.

Þarna eru einnig til húsa tveir 15 nemenda hópar í hæfingarskólanum í fullu námi (4 klst. á dag), ýmist á daginn eða að kvöldi. Um er að ræða ungmenni 17-24 ára sem hafa verið utan skóla svo mánuðum eða árum skiptir, verið í neyslu og eru flest á skilorði. Þau eru að vinna upp nám sitt og fást við venjulegt námsefni framhaldsskóla sem þau vinna samkvæmt einstaklingsáætlun. Nemendum er ekki vísað á staðinn heldur er þeim boðið að koma. Inntaka er þó flókið ferli sem fer ekki fram án skimunar og viðeigandi upplýsinga, m.a. frá heimaskóla, og kemur ekki til fyrr en reynt hefur verið til þrautar að hjálpa viðkomandi nemanda í heimaskóla (Introducing the Learning Center, án ártals).

Í þessu húsi ríkti notalegur, vingjarnlegur andi, nemendur voru þrúðmennskan uppmáluð enda rík áhersla lögð á framkomu og tillitssemi við aðra. Skólustjórinn tók m.a. fram að hún væri mjög ánægð með samstarfið við fræðsluskrifstofuna.

Dæmi um notalegt og þrútt viðmót nemenda var strax við aðkomu að skólanum þegar einn pilturinn stóð eins og riddari og hélt útidyrhurðinni opinni fyrir fararstjóra með bros á vör, enda tröppurnar upp á efri hæð háar. Þetta var ekki látið liggja í láginni og menn reistust í sætum við þakkir og hól.

Í upplýsingamöppu skólans var svohljóðandi texti límdur innan á kápuna (í lauslegri snörun):

Eftir eitt hundrað ár  
mun einu gilda;  
hvernig bíl ég ók,  
hvernig húsi ég bjó í,  
hversu mikið fé ég átti  
inni á bankareikningi,  
eða hvernig fötum ég klæddist.

En ég vona að veröldin verði orðin  
lítið eitt betri  
vegna þess að tilvist mín skipti máli  
í lífi barns.

Dæmi um nokkur fleiri námsúrræði:

NOVA er náms- og meðferðarúrræði fyrir 12-21 árs ungmenni með hegðunarvanda og árásarhneigð ungmenni sem eru hætt að sækja skóla (e. young offenders).

T.A.P. er skammtímaúrræði fyrir nemendur úr 5. til 10. bekk með tilfinninga- og/eða hegðunarvanda eða sem hefur verið vísað úr skóla tímabundið. Námsdvölin stendur í um 20 skóladaga í tvær klst. í senn síðdegis þar sem fram fer kennsla í móðurmáli og stærðfræði.

Sumarskólar fyrir eldri nemendur (middle school og high school)

Heimavistardvöl og tímabundin vistun (Thorburn, C., Plimmer, N. og Dollimore, M., 2000, glærur).

Sameiginlegt vistunarheimili allra fræðsluumdæma í New Brunswick fyrir sex einstaklinga er rekið í Moncton-umdæmi og stendur vistunin í 34 daga. Að dvöl lokinni fara nemendur aftur í heimaskóla með yfirlit yfir dvölinu og tillögur um framhald (Provincial youth treatment program, dreifildi án höfundar og ártals).

Tengsl skóla og atvinnulífs. Til eru ýmiss konar áætlanir og „uppskriftir“ um tengsl skóla og atvinnulífs fyrir ungt fólk (e. school to work transition) þar sem nemendur kynnst vinnustöðum, fá náms- og starfsráðgjöf, og starfsþjálfun (e. co-op programs).

### *Samvinna skóla, félagsþjónustu og heilbrigðiskerfis*

Í New Brunswick starfar stefnumörkunar- og ráðgjafarteymi þriggja aðila – félagsþjónustu, skóla- og geðheilbrigðiskerfis og hefur það yfirsýn yfir ungmenni 18 ára og yngri sem eru í miklum vanda (e. disordered youth), hafa m.a. farið á mis við fjölskyldulíf og lent í vanda bæði í skóla og samfélagi.

Forvarnir eru hluti af verkefnum teymisins. Undir því starfa 13 þverfagleg svæðisteymi sömu aðila sem hafa það hlutverk að veita þeim ráð sem eru í daglegu samneyti við viðkomandi og fylgja þeim eftir, en taka mál einstaklinga ekki yfir (Provincial youth treatment program, dreifildi án höfundar og ártals).

### *Stuðningur frá fræðsluskrifstofu*

Í hverju fræðsluumdæmi er fræðsluskrifstofa þar sem starfa ráðgjafar sem skólar geta leitað til. Þeir starfa gjarnan í nemendajónustuteymi (e. district student services team) (Perner, án ártals) og sinna bæði ákveðnum skólum og tilteknum verksviðum, þ.m.t. símenntun (School districts 12 og 13, District student services team, 1998).

Sálfræðingur sinnir nokkrum skólum og kemur á vettvang eftir þörfum. Stefnt er að því að sálfræðingar veiti kennurum ráðgjöf og dragi úr beinni þjónustu við nemendur.



Gestum gefið eilítið hornauga í miðskólanum með námsverið fyrir unglunga 18-20 ára.

## *Fjármögnun*

Fjármagni til skóla er skipt á milli umdæma frá ráðuneytinu í Fredericton. Skipting fjár á milli skóla fer eftir reikniformúlu sem tekur mið af nemendafjölda og eru nánast allir þættir í starfi og rekstri skóla innifaldir, þ.m.t. öll séraðstoð og sérkennsla. Tekið er mið af nemendafjölda 1. september. Miðað er við að hámarksfjöldi í bekk fari ekki yfir 28 nemendur í leikólabekk og 1.-3. bekk og ekki yfir 33 í 4.-12. bekk. Stöðugildi kennara í skóla eru fundin á þann hátt að fjöldi bekkjardeilda er margfaldaður með 1,2. Skólar fá 0,4 til 1/1 stöðugildi sem sveigjanlegar stundir. Stöðugildi skólastjóra og aðstoðarskólastjóra eru ákveðin þannig að fjöldi nemenda í skóla er deilt með tölunni 325. Stöðugildi námsráðgjafa er miðað við fjölda nemenda deilt með tölunni 537. Skólar fá 1-1,5 stöðugildi úrræðakennara. Teymisstjórar í skólum fá ekki greitt fyrir það verkefni sérstaklega.

Skólaárið 1997-1998 var heildarkostnaður á nemanda að meðaltali um 6.000 Kanadadalar (= 310.200 ísl.kr). Nýbyggingar eru ekki meðtaldar í þessum kostnaði (e. capital constuction) (munnlegar upplýsingar frá fræðslustjóra yfir umdæmi 14, 15 og 16). (Í Reykjavík voru fjárframlög á nemanda að undanskildum nýbyggingakostnaði, viðhaldi húsnæðis og þyngri sérúrræðum haustið 1999 kr. 281.500 á nemanda í almennum grunnskólum og 2.015.900 í sérskólum. Þessar tölur eru því ekki alveg sambærilegar þar sem ákveðnir þættir eru inni í kanadísku tölunni sem ekki eru í þeirri reykvísku).

## V. Samantekt - Samanburður

Megintilgangur ferðar til Kanada var að kynnast skipan sérkennslu og framkvæmd algerrar samskipunar (e. inclusion) nemenda í skyldunámi, eða skóla án aðgreiningar. Ætlunin var að heyra og sjá hvernig til hefur tekist, draga lærdóm af og bera saman við framkvæmd sérkennslu hér heima. Almennt er þó erfitt að bera saman skólastarf frá einu landi til annars. Munur á framkvæmd sérkennslu í New Brunswick og Reykjavík er hins vegar nokkuð ljós að lokinni för vestur.

### *Nánast allir nemendur í almennum bekk í heimaskóla*

Skóli án aðgreiningar felur fyrst og síðast í sér að allir nemendur eiga nú raunveruleg tækifæri til að vera samvistum við aðra nemendur á sama reki, í almennum bekk í heimaskóla sínum. Markvisst er reynt að mæta sérþörfum allra nemenda í skyldunámi. Þetta á jafnt við um þá sem eru á undan í námi og á eftir og alla hina sem mynda stærsta hlutann. Allir almennir sérskólar og sérdeildir eins og við þekkjum til þeirra hafa almennt verið aflagðir í New Brunswick. Hins vegar eru jafnframt til tímabundin sérúrræði fyrir þá sem illa eða alls ekki rekast í skóla eða geta ekki sótt skóla vegna veikinda eða einhverra annarra ástæðna.

Með algerri samskipan er horfið frá skipulagi sem löng hefð er fyrir víðast hvar í hinum vestræna heimi líkt og verið hefur hér í Reykjavík.

Rík áhersla er lögð á að viðfangsefni og kennsluhættir séu löguð að sérhverjum nemanda. Fjölbreyttar kennsluáðferðir og sveigjanlegir kennsluhættir voru að sjálfsgöðu ráðandi enda viðurkennt í reynd að nemendur læra á mismundi hátt. Margbreytileika manneskjunnar er hampað og reynt að nýta hann sem auðlind í þjóðfélaginu. Viðmið um hver fær sérkennslu eða aðlagða kennslu hefur verið breytt á þann veg að viðkomandi barn er ekki lengur mátað við skólann heldur er gerð úttekt á hvernig skólinn er í stakk búinn til að laga sig að viðkomandi barni.

### *Kennarar hjálpa kennurum skipulega*

Það sem vakti sérstaka athygli hópsins varðandi framkvæmd sérkennslu eða sérstuðnings í New Brunswick var hversu mikil áhersla var lögð á að leysa mál á heimavelli og hvernig kennarar studdu hver annan skipulega innan skólans til að geta mætt þörfum mismundandi nemenda og leyst erfiðleika. Markviss stuðningur við kennarann innan veggja skólans er talinn ein meginforsenda þess að skóli án aðgreiningar geti orðið að veruleika en ekki orðin tóm. Aðstoð og ráðgjöf til kennara um lausnir vegna sérkennslu eru því fastir liðir í daglegu starfi skólanna.

Í New Brunswick fer tími sérmenntaðra sérkennara ekki lengur í að taka einstaka nemendur út úr bekkjum og kenna þeim einum eða í hópi heldur vinna þeir fyrst og fremst við ráðgjöf og samráð við kennara. Sérkennarar hafa í flestum tilvikum orðið aðferða- og úrræðakennarar skólans. Stuðningsfulltrúar vinna ekki heldur með einstaka nemendur. Þess í stað aðstoða þeir kennarann við kennslu alls bekkjarins, þótt stuðningsfulltrúi komi inn í bekk vegna einstakra nemenda og skýran rökstuðning þurfi til að fá hann inn.

Stuðningsteymi við kennara vegna einstakra nemenda eru í öllum skólum. Úrlausna er fyrst og fremst leitað innan skólans; einungis er leitað stuðnings utan frá ef nauðsyn krefur og að framkvæmd og skipulag byggir á samvinnu. Eitt megineinkenni skóla án aðgreiningar í New Brunswick er því að kennarar hjálpa kennurum.

Það sem greinir framkvæmd sérkennslu í Reykjavík því einkum frá sérkennslu í New Brunswick er að hjá okkur eru nemendur oftast teknir út úr bekkjum eða skipað í sérdeildir í sínum skóla eða öðrum skóla.

Nemendaverndarráð er starfandi í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Þau hittast reglulega en virðast í fljótu bragði hvorki virka eins fljótt og vel né vera eins markviss stuðningur með viðeigandi ráðgjöf við kennara eins og stuðningsteymi skólanna í New Brunswick. Þar eð nemendaverndarráðin hjá okkur virðast ekki vera sams konar stuðningur við kennara eða almennt jafn markviss og haldgóð í samanburði við stuðningsreymin í New Brunswick, væri ekki úr vegi að athuga hvort grundvöllur er til að bæta úr því.

### *Atferlisþjálfun við hegðunarvanda*

Annað sem vakti sérstaka athygli var að í New Brunswick er gerður skýr greinarmunur á viðbrögðum við námsvanda annars vegar og hins vegar hegðunar- og félagslegum vanda. Nemendur í námsvanda fá aðstoð í einstökum námsgreinum en atferlistruflaðir nemendur fá fyrst og fremst atferlisþjálfun. Í Reykjavík eru ekki skýr skil milli aðstoðar við nemendur þessara tveggja ólíku hópa. Báðir hópar fá hér yfirleitt kennslu í ákveðnum námsgreinum, einkum lestri og stærðfræði, en mjög lítið er um að beitt sé atferlisþjálfun eins og gert er í New Brunswick.

### *Lagaramminn svipaður*

Leiðarljósinu „Skóli án aðgreiningar“ hefur auljóslega verið hrint í framkvæmd í New Brunswick í mun ríkari mæli en á við t.d. hér í Reykjavík. Lagaleg umgjörð er aftur á móti ekki ósvipuð á báðum stöðum.

Í Aðalnámskrá grunnskóla 1999 – almennum hluta kemur eftirfarandi fram á bls. 7 um samskipan nemenda í grunnskólum á Íslandi:

Lög um grunnskóla gefa sveitarfélögum og skólum verulegt svigrúm til að skipuleggja nám í samræmi við þarfir og aðstæður á hverjum stað en meginstefnan, sem kemur fram í lögum og aðalnámskrá, er sú að allir nemendur eigi þess kost að stunda nám í heimaskóla sínum.

Á blaðsíðu 14-15 í gildandi Aðalnámskrá er þetta ítrekað og eftirfarandi stefna menntamálaráðherra varðandi skyldur grunnskóla sett fram á ótvíræðan hátt:

Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Þetta á við um fötluð börn og ófötluð, afburðagreind og greindarskert og allt þar á milli, börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu. Grunnskólum er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Stefna stjórnvalda er sú að fatlaðir nemendur stundi nám með öðrum nemendum eftir því sem kostur er. Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í heimaskóla nema foreldrar og sérfræðingar skóla meti aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að vera í sérskóla eða heilsu hans sé þannig farið að ekki verði komist hjá vistun fjarri heimili.

Munurinn á Reykjavík og New Brunswick er hins vegar sá að sá aðili sem setur löginn þar, þ.e. umdæmið ábyrgist sjálft framkvæmdina, fjárveitingar og annað sem þarf til að orð og efndir haldist í hendur. Í New Brunswick er talað um að 5-15% nemenda hljóti sérkennslu. Í Reykjavík hafa hins vegar um 18-20% nemenda fengið almenna sérkennslu um árabíl, ef lagður er saman fjöldi nemenda í almennri sérkennslu, í kennslu í sérdeildum, sérhæfðum sérdeildum og í sérskólum. Erfitt er reyndar að bera þetta saman þar sem ekki liggur fyrir skilgreining á því við hvað er miðað þegar ákveðið er að nemandi fái sérkennslu.

### *Fjármagn til sérkennslu hluti af heildarfé skóla*

Fjárframlög til kennslu nemenda með sérþarfir í New Brunswick eru hluti af heildarfjárframlögum til skóla. Það fé sem fer til hvers skóla er innifalið í reikniformúlu sem tekur að stærstum hluta mið af heildarfjölda nemenda í skólanum. Þetta er ólíkt því sem gert er í Reykjavík, en hjá okkur er sérkennsla sérstakur liður í reikniformúlu sem notuð er til að skipta fjármagni milli skóla ár hvert (samkvæmt formúlu í sérkennslureglugerð, sem sett er af ríkisvaldinu). Framkvæmdin í New Brunswick er liður í að líta á kennslu nemenda með sérþarfir sem eðlilegan hluta almennrar kennslu en ekki aðgreinda. Sérúrræði utan almenna skólans eru fjármögnuð sérstaklega í New Brunswick eins og hér.

## *Utanaðkomandi ráðgjöf*

Utanaðkomandi ráðgjöf við skóla vegna kennslu nemenda með sérþarfir og þjálfunar nemenda með hegðunarvanda kemur frá kennsluráðgjöfum, sálfræðingum og félagsráðgjöfum og atferlisráðgjöfum sem starfa á vegum fræðsluskrifstofa (126 kennsluráðgjafar fyrir um 130.000 nem.=1:1032; 71 sálfræðingur og félagsráðgjafar fyrir um 130.000 nem.=1:1850). Þetta er í raun svipað kerfi og hjá okkur í Reykjavík, en við höfum ekki ráðgjöf um atferlisþjálfun nema í mjög litlum mæli. Í New Brunswick eru talsvert fleiri nemendur á hvern sálfræðing en hjá okkur. Aftur á móti eru fleiri nemendur á hvern kennsluráðgjafa í Reykjavík en í New Brunswick. Sé litið á þessar stéttir sem heild er hlutfallið svipað (um 660 nemendur á hvern ráðgjafa).

Verðugt verkefni fyrir okkur væri að huga alvarlega að atferlisþjálfun fyrir nemendur og atferlisráðgjöf fyrir kennara.



„Um höfin við réttum vort handaband...“

Að ofansögðu má ljóst vera að við getum lært margt af þeim í New Brunswick í því augnamiði að bæta nám nemenda í skólum okkar. Áhugavert væri að einhver skóli í Reykjavík breytti t.d. starfi yfirmanns sérkennslu í eins konar aðferða- og úrræðakennara og stofnað yrði stuðningsteymi fyrir kennarar vegna nemenda með námsvanda. Einnig væri án efa þarft að aðgreina betur en nú er gert viðbrögð við námsvanda annars vegar og hegðunarvanda hins vegar. Við stöndum hins vega illa að vígi hvað varðar atferlisþjálfun við hegðunarvanda þar sem lítið er um þjálfað fólk á því sviði hér.

# Heimildir

---

- Böðvar Guðmundsson, *Híbyli vindanna*, Uglan, Íslenski Kiljuklúburinn, Reykjavík 1998.
- District 18 (2000), *Review of suspensions 1998-1999, 1999-2000* (dreifildi).
- Districts 14, 15, 16 (1999). *Professional development/training associated with the support system for the Positive learning environment policy*.
- Districts 14, 15, 16 (1999), *Support system for the Positive learning environment policy*.
- Districts 14, 15, 16 (án ártals), *Student discipline and behaviour. Working guidelines for school districts 14, 15 og 16*.
- Education New Brunswick (án ártals), *Home schooling information brochure* (bæklingur).
- Einar Benediktsson, *Ljóðmæli*, III. bindi, Ísafoldarprentsmiðja H/F, MCMXLV.
- Gorham, J. (án ártals). *At-Risk strategies, interventions, programs. At-Risk issues* [Definition, supporting statements, characteristics, critical issues for action]. New Brunswick Education (dreifildi).
- Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland, Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum*, Mál og menning, Reykjavík, 1998.
- Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland, Örlagasaga vesturfaranna í máli og myndum*, Mál og Menning, Reykjavík 1997.
- Guttormur J. Guttormsson, *Kvæðasafn*, Arnór Sigurjónsson gaf út, Iðunnarútgáfan-Reykjavík, 1947.
- Íslendingasögur, fyrsta bindi, Landssaga og landnám, Eiríks saga rauða og Grænlandingasaga*, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Hrappseyjarprent hf., Reykjavík, 1946.
- John Manchip White, *Everyday Life of the North American Indians*, Indian Head Books, Barnes & Nobles, 1993.
- John S. Milloy, *A National Crime*, The University of Manitoba Press, Winnipeg, Manitoba, 1999.
- Menntamálaráðuneytið, *Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennur hluti*, 1999.
- Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknardeild, september 1976, *Aðalnámskrá grunnskóla, Almennur hluti*.
- Menntamálaráðuneytið, 1995, *Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*.
- Murcika, J. (án ártals), *Psychology services in the New Brunswick schools* (dreifildi).
- New Brunswick Department of Education (1999), *Positive learning environment policy* (dreifildi).
- New Brunswick Department of Education, Policy and Planning Branch (1999), *New Brunswick Education, Education outline 1998-99* (lykiltölur).
- New Brunswick Department of Education, Student Services (1999c), *Resource for the identification and teaching of students with specific learning disability*. Elementary/Middle level, Fredericton, N.B.: Department of Education.
- New Brunswick Department of Education, Student Services Branch (1994b), *Best practices for inclusion*. Fredericton, N.B.: Department of Education.

New Brunswick Department of Education, Student Services Branch (1994a), *Teacher assistant guidelines*. Fredericton, N.B.: Department of Education.

New Brunswick Department of Education, Student Services Branch (1998), *A user's guide for the appeal process, as described in the New Brunswick Education Act*. Fredericton, N.B.: Department of Education.

New Brunswick Department of Education, Student Services Branch (1999a), *Teacher assistant support protocol*. Fredericton, N.B.: Department of Education.

New Brunswick Department of Education, Student Services Branch (1999b), *Teacher assistant support protocol* (bæklingur). Fredericton, N.B.: Department of Education.

New Brunswick Department of Education, Student Services og Department of the Solicitor General (án ártals). *Ideas to support the positive learning environment for partners* (bæklingur). Fredericton, N.B.: Department of Education og Department of the Solicitor General.

Perner, D. (án ártals). *Supporting the classroom teacher in New Brunswick*.

Porter, G.L. (1998) *The education of students with special needs* (glærur).

Presenation to Icelandic Delegation, April 11, 2000 (dreifildi).

Public Legal Education and Information Service of New Brunswick (1994), *School law and the charter. Balancing interests*.

Richard Beck, Editor, *Icelandic Lyrics*, American Scandinavian Foundation, 1943.

Roger Riendeau, *A Brief History of Canada*, Fizhenry & Whiteside, Canada, 2000.

School District 18 (2000), *Review of suspensions* (glærur).

School District 18 (án ártals), *Positive learning environment. Behavior interventions mentors* (dreifildi).

School District No.12 (án ártals), *Enrichment: A guide for teachers*.

School districts 12 og 13 (1998), *District student services team. Roles and responsibilities* (bæklingur).

The Learning Center/District 16 (án ártals), *Introducing the Learning Center* (dreifildi).

The Roeher Institute and School District 12 (án ártals), *Teachers helping teachers. Problem solving teams that work* (handbók, eyðublöð og myndband). North York, On.: The Roeher Institute.

Thorburn, C., Plimmer, N. og Dollimore, M. (2000), *Alternate education services* (glærur). N.B.: School District 18.

# Fylgiskjal 1

---

## Bill 85 – Lög 1986 - Stefna, markmið, leiðir

Þrjú meginatriði einkenna gildandi lög frá 1986:

- A. Í fyrsta lagi er afnumið heimildarákvæði sem beita mátti til að hindra aðgang andlega fatlaðra barna að almennum skólum.
- B. Í öðru lagi er rík áhersla lögð á að nám, viðfangsefni og kennsluhættir séu aðlöguð að sérhverjum nemanda með gerð einstaklingsáætlunar.
- C. Í þriðja lagi er kveðið á um þá meginreglu fræðslufrvalda í New Brunswick að nemendur með sérþarfir blandist öðrum nemendum í almennum bekkjardeildum, almennra skóla skyldunáms.

Meginmál ritsins, *Working Guidelines on Integration*, er nákvæm útlistun á eftirfarandi sjö efnisatriðum gildandi laga (frá 1986) á grunni frumvarpsins 1985, þ.e. skilgreining á stefnumörkun, markmiðum og leiðum í eftirfarandi viðfangsefnum: a) námsáætlun sérkennslu, einnstaklingsáætlun, b) nemandi með sérþarfir, c) þátttaka foreldra, d) einstaklingar þriggja til tuttugu og eins árs, e) ákvæði um kennslu og þjónustu annars staðar en í skólum, f) fjármögnun, g) staðsetning nemenda, skóli eða annað úrræði.

Eftirfarandi er tilraun til að endursegja á íslensku aðalatriði nokkurra þýðingarmikilla efnisþátta laganna

### **Einstaklingsáætlun nemenda með sérþarfir**

Stefna: „Special education program“ – sérkennsla eða einstaklingsáætlun nemenda með sérþarfir, byggir á niðurstöðum reglubundinnar greiningar og stöðu- og leiðsagnarmati og inniheldur hún tilgreind markmið og námstilboð sem sniðin eru að sérstökum þörfum viðkomandi nemanda.

Markmið: Að hafa jafnan á boðstólum kennsluáætlun, einstaklingsáætlun sem er sérsniðin að greindum þörfum sérhvers nemanda með sérþarfir.

Áætlunin þarf að innihalda sérstök, tilgreind markmið og sérstakar tillögur um nám sem er aðlagð þörfum hvers og eins og er því frábrugðið því sem ætlað er öllum nemendahópnum.

Þetta krefst stöðugar þarfagreiningar til að meta hvort og þá hvenær þörf er á frekari aðlögun og endurnýjun kennslunnar.

Leiðarljós: Sérhver nemandi með sérþarfir þarf á að halda og á rétt á einstaklingsáætlun í viðkomandi námsefni. Ætlast er til að við gerð einstaklingsáætlunar sé höfð hliðsjón af skrifaðri náms- og kennsluáætlun sem styðst við sama námsefni og aðrir nemendur fást við en ekki annað ólíkt efni (e. Multiy Action Planning System).

Einstaklingáætlunin skal vera sérsaumuð fyrir viðkomandi nemanda og þarfir hans og á að tilgreina markmið, aðferðir, kennsluhætti, kennsluefni og áhöld, matsaðferðir og ábyrgð.

## Nemandi með sérþarfir

Stefna: Í þeim tilvikum sem þar til bærir sérfræðingar, á vegum fræðslufyrivalda, úrskurða að frávík í hegðun, samskiptum, greindarfari, líkamlegri heilsu, skynjun og skilningi eða fjölþætt fötlun einstaklings séu það mikil að sérkennsla sé óhjákvæmileg telst sá hinn sami vera nemandi með sérþarfir samkvæmt skilningi lagafrumvarpsins.

Markmið: Að ákveða hvenær hegðun, samskipti, greindarfar, líkamleg heilsa, skynjun og skilningur eða fjölþætt fötlun nemanda er svo mikil að viðkomandi getur ekki notið venjulegrar kennsluáætlunar eða þjónustu bekkjarins.

Leiðarljós: Viðurkennt er að sérhvert barn hefur sérþarfir á einu eða fleiri sviðum. Það er hins vegar ekki fyrr en sérþarfirnar birtast með þeim hætti í skólanum að þörf virðist á aðstoð eða íhlutun reynds sérfræðings, sérstaks aðbúnaðar og þjónustu, að barn fellur undir skilgreininguna nemandi með sérþarfir.

- Ákvörðun um sérþarfir verða að vera vandlega ígrundaðar miðað við aðstæður og tíma. Öll börn geta haft sérþarfir á vissum tímabilum og sérþarfir barna geta verið breytilegar frá einum tíma til annars út frá aðstæðum, þróun mála og aðstoð.

- Þarfagreining ætti að leggja áherslu á sterkar hliðar og tilgang áætlana fremur en flokkun, stimplun og hæfni til að takast á við námsáætlunina. Fræðsluráð ber fulla ábyrgð á úrskurði um sérkennslu: Það ætti að fela framkvæmdina teymi einhverra eða allra eftirtalinna, þ.e. bekkjarkennara, ráðgjafar- eða úrræðakennara, foreldra, námsráðgjafa, eða annarra sem hlut eiga að máli.

## Þátttaka foreldra

Stefna: Fræðslufyrirvöld skulu tryggja að foreldrar séu hafðir með í ráðum í öllu ferlinu.

Markmið: Að stuðla að gagnvæmum stuðningi um menntun barnsins og samstarfi kennara og foreldra og þeirra sem þjóna eiga skólakerfinu.

Leiðarljós: Í þeim tilgangi ætti reglan að vera að foreldrar kæmu að málum og eigi rétt á að vera með í ráðum við gerð áætlana fyrir barnið, sér í lagi varðandi einstaklingsnámskrá, gerð, framkvæmd og eftirfylgni.

- Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum um barnið sem skólinn þarf að fá.

- Foreldrar geta þurft á aðstoð að halda við að átta sig á þörfum barnsins og því er stuðningur skólans þeim svo mikilvægur.

Stuðningur foreldra sem eru vel heima í málefnum barns og skóla er ómissandi ef vel á að takast við framkvæmd kennsluáætlunar barnsins.

## Kennsla og þjónusta annars staðar en í skóla

Stefna: Í þeim tilvikum sem nemandi með sérþarfir getur ekki notið sérkennslu eða þjónustu í hverfissskóla í samræmi við ákvæði þar um getur ráðherra gert ráðstafanir til að nemandinn fái kennslu og aðra þjónustu á heimili sínu eða á stofnun sem viðurkennd er af ráðherra.

Markmið: Að sjá fyrir þjónustu annars staðar en í skóla.

Leiðarljós: Með þessu ákvæði er ekki ætlunin að útiloka nokkurn nemanda frá skóla.

Fræðsluyfirvöld bera ábyrgð á námsáætlunum allra barna og er til þess ætlast að þeim sé í lengstu lög framfylgt í skólum.  
Þegar aðstæður og þarfir barns krefja er heimilt að veita kennslu og aðra þjónustu á heimili eða stofnun sem samþykkt er af ráðherra.

Dæmi um aðstæður:

1. Þegar heilsufarsástæður barns eru mjög erfiðar og vandmeðfarnar.
2. Þegar barn þarf að dvelja langdvölum á sjúkrahúsi eða á heimili sínu vegna veikinda eða slyss.
3. Þegar barn er svo stjórnlaust í hegðun að það er hættulegt öðrum.
4. Í þeim tilvikum þegar barn þarf á að halda yfirgrípsmeiri sérfræðistöð og læknismeðferð en unnt er að veita með viðunandi árangri í venjulegum skóla.  
Börn sem eru blind, sjónskert, heyrnarlaus eða heyrnarskert og þau sem eru verulega greindarskert falla undir ofangreinda skilgreiningu.

## Fylgiskjal 2

---

### „Farsælasta framkvæmd skóla án aðgreiningar“

Árið 1991-1992 var gerð úttekt á því hvernig gengi að framfylgja lögunum frá 1986. Niðurstöðurnar sýndu að málin voru í góðum farvegi. Þannig myndaðist góð undirstaða undir endurnýjaðan ramma um skóla án aðgreiningar og grundvöllur til að semja leiðarljós fyrir starfið. Talið var nauðsynlegt að festa þau á blað.

Málið fór í almenna umfjöllun hagsmunaaðila. Niðurstaðan skilaði sér haustið 1993 í eins konar leiðarvísi um kennslu í skólum án aðgreiningar. Leiðarvísir sá nefnist á ensku *Best Practices for Inclusion*, í lauslegri snörun hér nefndur: *Farsælasta framkvæmd skóla án aðgreiningar*. Höfundur þessarar skýrslu var tjáð að leiðarvísir þessi ásamt *Working Guidelines on Integration* væru eins konar biblúr starfsins.

Áður nefndur leiðarvísir segir nánast allt sem segja þarf um grundvallaratriði þeirrar hugmyndafræði sem byggt er á, nauðsynlegar forsendur og vænlegar leiðir til viðmiðunar til þess að skólalald af þessu tagi geti staðið undir nafni og framkvæmdin tekist á viðunandi hátt. Því verða öll helstu meginatriðin birt hér.

Í framangreindum leiðarvísi, *Farsælasta framkvæmd skóla án aðgreiningar*, segir í formála m.a. frá undirbúningi þess að allir skólar starfi án aðgreiningar.

Við endurskoðun á framkvæmd skóla án aðgreiningar og athugun á því hvernig til hafi tekist í raun söfnuðu fræðsluumdæmin ógrynni upplýsinga um stefnu sína, kennsluskrár og kennsluhætti. Flestir voru enda sammála um að enginn hæðarleikur væri í raun að vinna það vandasama verk að kenna öllum nemendum, án tillits til andlegra-, líkamlegra- eða félagslegara erfiðleika þeirra saman í venjulegum bekkjardeildum í almennum hverfisskólum.

Eftir miklar yfirlegur fulltrúar allra fræðsluumdæmanna, sem unnið höfðu hörðum höndum við að lesa úr gögnum hvað hefði gefist vel og hvað illa, voru þær forsendur og aðgerðir sem flestir töldu mikilvægastar til að þetta tækist, settar fram sem leiðarljós skóla án aðgreiningar. Þar segir í lauslegri snörun:

#### Meginsjónarmið – grundvallarviðmið

Öll börn geta lært.

Öll börn stunda nám með jafnöldrum sínum í venjulegum bekk í heimaskóla.

Öll börn fá námsáætlun sem hæfir hverjum og einum.

Öll börn fá námsefni sem svarar þörfum hvers og eins.

Öll börn taka þátt í námi, félags- og tólmstundastarfi á skólatíma og utan.

Öll börn njóta góðs af samstarfi og sameiginlegu átaki, heimila, skóla og sveitarfélags.

## 1. Námsumhverfi

Kennarar vænta mikils af öllum nemendum sínum.

Kennarar skapa öllum nemendum aðstæður til að taka virkan þátt í náminu.

Kennarar gera kröfur til allra nemenda um tillitssemi varðandi rétt annarra til náms.

Kennarar tryggja að regla og öryggi einkenni námsumhverfið (skólastofur).

Skólastjórnendur sjá til þess að nemendum sé skipað eftir aldri í almenna bekki.

Skólar eiga að vera aðlaðandi, notalegir og snyrtilegir vinnustaðir, auðveldlega aðgengilegir öllum nemendum.

Skólar án aðgreiningar sanna sig í verki með eigin skólastefnu, kennsluáætlunum og starfi sem tekur mið af og er aðgengilegt öllum nemendum jafnt.

## 2. Samvinna um áætlanagerð undir forystu aðferða- og úrræðakennara

Fræðsluumdæmin hafa skýrt mótaðar vinnureglur sem þau hafa jafnaðarlega til hliðsjónar við gerð áætlana og við eftirlit með námsáætlunum og þjónustu. Nemendur, foreldrar, kennarar, stjórnendur og fulltrúar hverfisins eru með í ráðum.

Fræðsluumdæmin halda reglulega almenna ráðgjafarfundum til að auka hlutdeild og efla stuðning frá umhverfinu.

Fræðsluumdæmin ráðfæra sig við skóla til að tryggja að áætlanir og stuðningsþjónusta dreifist á sanngjarnan hátt og í samræmi við þarfir kennara og nemenda.

Skólar munu hafa innan sinna veggja stuðningsteymi sem hittist reglulega til að forgangsraða beiðnum um aðstoð og til að veita ráð og afla viðeigandi úrræða.

Skólar hafa skýrar vinnureglur til að tryggja samstarf við aðferða- og úrræða kennara (áður sérkennara, e. Method and resource teacher), námsráðgjafa, aðra ráðgjafa, kennara, foreldra og nemendur um allt er varðar námsáætlanir, kennslu og þjónustu.

Skólar beita mismunandi aðferðum í samstarfi innan skólans, sem tryggja á viðeigandi og gagnkvæma aðstoð, faglegan stuðning og skjóta lausn vandamála en lögð er rík áhersla á jafnræði aðila við lausn vandamála.

## 3. Embættisfærsla stjórnenda fræðsluumdæma

Stjórnendur fræðsluumdæma vinna í samráði við fræðsluyfirvöld og sveitarfélag sitt til að tryggja að sambærileg stefna ríki í kennslu og þjónustu allra skóla.

Stjórnendur fræðsluumdæma gera miklar kröfur til fagþekkingar og reynslu fólks með faglega menntun og hampa þeim sem sýna frumleika í að kenna öllum nemendum.

Starfsmenn fræðsluskrifstofa setja á laggir stuðningsteymi og taka sjálfir þátt í þeim.

Starfsmenn fræðsluskrifstofa eru málsvarar allra nemenda.

Starfsmenn fræðsluskrifstofa vænta mikils af starfsfólki skóla og nemendum. Þeir eiga bæði frumkvæði að samstarfi um kennsluhætti, nýbreytni og þróun í kennslu án aðgreiningar og styðja við skólastarfið með ráðum og dád. Starfsmenn fræðsluskrifstofa veita viðurkenningu þeim sem sýna frumleika í kennslu og einnig nemendum sem sýna árangur og framfarir.

#### 4. Félagsleg ábyrgð

Skólar **stuðla að þátttöku nemenda í sjálfbodaliðastarfi** á vegum sveitarfélagsins og í nemendaráðum og ýta undir að þeir séu með í ráðum um málefni samfélags og skóla.

Skólar tryggja námsaðstæður sem gera nemendum kleift að læra um og meta að verðleikum fjölbreytileika mannlífsins.

Skólar sjá til þess að nemendum séu sköpuð skilyrði til að þroska hæfileika til að deila með öðrum, vinna með öðrum, tjá skoðanir sínar og leysa vandamál á farsælan hátt.

Skólar sjá til þess að öllum nemendum séu sköpuð skilyrði til að taka fullan þátt í félags- og tólmundastarfi sem stuðlar að alhliða þroska þeirra.

Skólar ýta undir að nemendur axli félagslega ábyrgð með því að sjá þeim fyrir lærdómsríkri reynslu á því sviði við mismunandi skilyrði.

#### 5. Námskrá – skipulag og framkvæmd

Kennarar virkja nemendur og foreldra við gerð og framkvæmd kennsluáætlunar sem tekur mið af andlegum-, félagslegum og líkamlegum þroska nemenda með sérþarfir.

Kennarar gera ráðstafanir til að tekið sé mið af sterkum og veikum hliðum og þörfum ólíkra einstaklinga við gerð kennsluáætlunar, framkvæmd hennar og við mat á námsframvindu.

Kennarar hafa hliðsjón af aldri nemenda við val á viðfangsefnum og kennsluáðstæðum.

#### 6. Stuðningsaðgerðir og þjónusta

Skólar og einstaklingar og hópar innan skóla **skiptast á hugmyndum, áætlunum, verkefnum** og aðföngum sem auðgað geta kennsluáætlanir þeirra.

**Stuðningur við kennara og nemendur** er ákveðinn í samræmi við samstarfsferli sem fer að mestu fram **innan skólans**.

Fræðsluumdæmin hafa á að skipa **stuðningsteymum** til að styðja skóla og kennara við að semja kennsluáætlanir nemenda með sérþarfir (e. exeptional programs).

**Aðferða- og úrræðakennarar** gegna fyrst og fremst því hlutverki að hafa samráð við umsjónarkennara varðandi stuðning og ráðgjöf um kennsluáætlanir og aðferðir til að koma til móts við nemendur með sérþarfir. Þeir þurfa að hafa reynslu af slíkum nemendum; vera hæfileikarík og reyndir, hafa ríka samskiptahæfni og bera virðingu fyrir hæfileikum, kunnáttu og faglegri færni annarra.

**Námsráðgjafar** afla upplýsinga um kennslu og þjónustu sem tekur mið af þörfum barna með sérþarfir. Þeir koma þeim á framfæri og veita ráðgjöf þar að lútandi.

Fræðsluumdæmi og skólar eiga samstarf um að tryggja að utanaðkomandi stuðningsþjónusta sé í samræmi við sérþarfir nemenda.

Fræðsluumdæmin sjá öllum nemendum sem hætt er við brottfalli úr skóla fyrir kennsluúrræðum og þjónustu.

## **7. Aðgerðir innan bekkjarins**

Bekkjarkennarar beita fjölbreyttum vinnu- og kennsluaðferðum til að koma til móts við mismunandi aðferðir nemenda við að tileinka sér námsefnið.

Bekkjarkennarar nota margs konar kennsluaðferðir sem reynst hafa vel í mikið getublönduðum hópum til að tryggja að nemendur með sérþarfir séu þátttakendur í daglegu lífi og starfi bekkjarins.

Bekkjarkennarar sjá til þess að námið sé metið reglulega og koma niðurstöðum jafnharðan til skila, en það er mikilvægur liður í matsferlinu.

## **8. Ákvörðun um staðsetingu og tilfærslu í skólakerfinu**

Skólar auðvelda staðsetingu barna með sérþarfir fyrir skólabyrjun með því að ráðgast við foreldra, heilbrigðisyfirvöld, félagsþjónustu og aðra sem málið varðar.

Kennarar, embættismenn, foreldrar og nemendur eftir því sem við á og vinna saman í því skyni að tryggja að færsla nemenda með sérþarfir milli bekkja eða skóla sé framkvæmd af tillitssemi og sé nemandanum til farsældar.

Skólar sjá um skipulagða færslu nemenda með sérþarfir yfir á unglíngastigið og eiga náðið samstarf við framhaldsskólastigið, hugsanlega vinnuveitendur og aðra, til að tryggja að við lok unglíngastigs taki ný tækifæri við.

Skólar sjá um að hafa á boðstólum fjölbreytt úrval starfskynninga fyrir nemendur með sérþarfir til að undirbúa þá undir atvinnuþátttöku.

## **9. Sameiginlegir hagsmunir – Skóli, fjölskylda, samfélag**

Skólar sjá um að fjölskyldur eigi kost á að taka þátt í samstarfi skólategma sem m.a. skipuleggja kennsluskrár og þjónustu. Þar gefst þeim kostur á að hafa áhrif á hvernig kennslunni verður best hagað og treysta réttarstöðu nemenda með sérþarfir.

Skólar ráðfæra sig reglulega við nemendur, foreldra, sjálfboðaliða, stuðningsaðila, starfsfólk fræðsluumdæmisins og fulltrúa sveitarfélagsins.

## **10. Þróunarverkefni – framfarir – aukin færni starfsfólks**

Fræðsluskrifstofur gera áætlun sem miðar að stöðugri þróun í kennslu og þjónustu við börn með sérþarfir ásamt áætlun um símenntun starfsfólks í skólum og á fræðsluskrifstofum.

Fræðsluskrifstofur styðja við og hvetja til þróunarverkefna til að tryggja að þróun kennslu og þjónustu nemenda með sérþarfir sé viðvarandi.

Skólar styðja og hvetja til þróunarverkefna á sviði kennsluaðferða og þjónustu og fagna aðferðum sem reynast árangursríkar.

Kennarar sækjast eftir tækifærum til að auka við menntun sína í kennslu nemenda með sérþarfir.

Aðstoðarfólk leitar eftir tækifærum til að efla persónulega færni í starfi.

## 11. Áreiðanleiki og ábyrgð

Fræðsluskrifstofur bera ábyrgð gagnvart menntamálaráðuneytinu, foreldrum og almenningi á að skilað sé árangursríkri kennslu og þjónustu.

Fræðsluskrifstofur gera sér áætlun um mat á framþróun í skólastarfi án aðgreiningar sem spannar þrjú til fimm ár og skila niðurstöðum þar um.

Skólar endurmeta aðferðir í kennslu og þjónustu og frammistöðu nemenda reglulega. Eftirfylgni er með sérþarfanemendum sem flust hafa í annan bekk eða á annað skólastig. Einnig er fylgst með fyrrum nemendum á öðrum skólastigum.

Skólar standa reglulega skil á viðeigandi upplýsingum til foreldra, fræðsluyfirvalda og sveitarfélagsins um hvernig gengur að þróa kennslu á grundvelli hugmynda um skóla án aðgreiningar.

Skólar hvetja foreldra, nemendur og fulltrúa sveitarfélagsins til að endurmeta starfið og meta hvort nýjar þarfir hafi komið í ljós, hvort breyta þurfi um áherslur og hvort jöfnuðar sé gætt meðal nemendahópsins.

Undirstrikuð er áhersla á hversu mikilvægu forystuhlutverki skólastjóri gegnir.

## Fylgiskjal 3

---

### *Sveigjanleiki – Prep – Getuskipting -Tímabundin röðun*

Mikið lesefni barst hópnum í hendur. Einn sambrotungurinn frá menntamálaráðuneytinu í New Brunswick fjallar um kennsluáðferðir og ber heitið *Enrichment: A Guide For Teachers*, hér nefnt: *Efling - Leiðbeiningar fyrir kennara*.

*Eflingu* er ætlað að auðvelda kennurum það nauðsynlega verk, sem mörgum er því miður svo ótamt, að skipuleggja sveigjanlega kennslu. Átt er við kunnáttu í að skipuleggja samvirkt nám (e. multi level instruction) og nota misþung verkefni innan sama viðfangsefnis eða námsgreinar og ólíkar kennsluáðferðir eftir aðstæðum. Að kunna góð skil á að sveigjanlegum kennsluháttum gerir gæfmuninn við að mæta þörfum svo mismunandi nemenda innan sama bekkjar eða hóps þar sem himinn og haf geta skilið að í námsgetu. Akkílesarhæll hins blandaða skólakerfis er hversu margir kunna ekki næg skil á að skipuleggja getuskipta kennslu (samvirkt nám) í blönduðum bekkjum. Því fer sem fer og úr verður iðulega miðjumóð með of léttum eða of þungum verkefnum - öllum til ama.

Í framangreindum sambrotungi er að finna hnitmiðaðar útskýringar á tveimur leiðum í kennslu mjög ólíkra nemenda. *The Enrichment Triad Model*, eða *Þriggja þrepa kennsla*, hugmyndir um kennsluáðferðir kenndar við Renzuli og Reis, frá árinu 1997.

*Multi-Level Instruction* byggir á fjölgreindarkenningum Howards Gardners (frá 1985) um fjölþætta greind barna, sveigjanleika og nauðsyn á fjölbreytni í viðfangsefnum, kennslu, námsáðferðum og misþungum verkefnum.

*Ferðakerfi - Tímabundin röðun*. Sveigjanlegir kennsluhættir – fjölþætt og misþung viðfangsefni og áðferðir eru lögð til grundvallar.

Í kennslu af þessu tagi er m.a. beitt tímabundinni röðun innan sama bekkjar/námshóps eða námshópa. Nemendur fá misþung verkefni eftir getu en sama viðfangsefni er lagt til grundvallar.

#### **A Þriggja þrepa kennslan byggir á þremur skýrt afmörkuðum þrepum:**

**1. þrep – Könnunarþrep:** Allir nemendur bekkjarins taka þátt en fást við mismunandi verkefni sem eru (a) útvíkkun á námsefninu, eða (b) fyrir utan efnið, en tengd. Margir geta átt frumkvæði að eða stungið upp á þemaefni og komið að kynningu á því.

**2. þrep - Þjálfunarþrep:** Unnt er að virkja alla nemendur bekkjarins með því að skipta bekknum í einingar þannig að nemendur læri ýmist einir eða í litlum hópum. Á þessu stigi læra nemendur að rannsaka og standa skil á námsefninu. Þeir þjálfra hæfileika til að kafa dýpra í viðfangsefni eða tjá sig á einhvern hátt á sviði lista. Á þessu stigi læra nemendur að beita viðeigandi aðferðum við að safna, skrá, skilgreina og vinna úr upplýsingum. Þarna gefst nemendum tækifæri til að efla sjálfstæði sitt, að komast lengra (fram úr) og læra meira um viðfangsefnið en námsefnið sem lagt er til grundvallar gefur tilefni til.

**3. þrep - Hæfniþrep:** Nemendum gefst á þessu stigi kostur á að kafa dýpra og læra eða þjálfra sig enn meira í einhverri listtúlkun, á öðru námssviði eða í viðbótarnámsefni. Nemendum gefst í 3. þrepi kostur á að vinna sjálfstætt; að spreyta sig og tileinka sér viðfangsefnið á mismunandi hátt. Þeir vinna verkið saman eða sundur, á skólatíma eða utan hans, um helgar eða að sumri til. Þessi leið getur kallað á að kennari kanni stöðu nemandans, þ.e. hversu góða undirstöðu hann hefur og hversu mikið nemandi kann áður en hann fær að fara af stað með verkefnið. Ef nemandi stendur sig vel, er bæði nógu fær og er vel heima í viðfangsefninu er honum heimilt að nýta skólatímann til að vinna á eigin vegum. Nemendur sem vinna hratt eiga kost á viðbótartíma til að komast lengra og kafa enn dýpra í efnið. Á þennan veg neyðist enginn til að sóa tíma sínum í verkefni sem ekki er við hæfi og bætir litlu sem engu við þekkinguna.

Prepakerfið hvetur kennara til að skapa hverjum nemanda aðstæður við hæfi. Einnig yfir það undir kennara að deila kunnáttu sinni og hæfni með kennurum og öðrum, gefa og þiggja. Kennarar sem finnst þeir eflast við starfsaðferðir af þessu tagi eru líklegir til að efla nemendur sína til dáða.

#### **B Getuskipt kennsla - mismunandi verkefni - mismunandi ferðir.**

Hér er á ferð kennsluskipulag sem gefur svigrúm til sveigjanleika í námi þannig að nemendur fást við fjölbætt og misþung verkefni (fara mishratt yfir í samræmi við getu) innan sama viðfangsefnis.

Við skipulagningu getuskiptrar kennslu, með fjölbreyttum viðfangsefnum, þar sem m.a. er beitt tímabundinni röðun, er nauðsynlegt að kennari geri sér grein fyrir og meti af nákvæmni námshæfileika og lærdómsaðferðir hvers og eins.

Sálfræðingurinn Howard Gardner<sup>25</sup> heldur því fram að allir geti lært og leggur áherslu á að greindarsvið allra manna séu mun fleiri en ætlað hefur verið. Því þurfi að taka tillit til allra nemenda með því að viðhafa fjölbreytni í námi og kennslu; flétta saman bóknámi, listgreinum og verklegu námi og reyna á sem flest svið greindar daglega.

---

<sup>25</sup> *Multiple Intelligences In the Classroom* – Thomas Armstrong, 1994

Örstutt yfirlit yfir greind og færniþætti samkvæmt kenningum Gardners:

**Hreyfigreind** – færni í að beita öllum líkamanum til tjáningar – hafa vald á gróf- og fínhyfingum – jafnvægi og samhæfing hugar og handar

**Málgreind** – færni í að skilja orð – beita orðum í ræðu og riti (ólæs einstaklingur getur haft til að bera ríka frásagnargáfu)

**Rök- og stærðfræðigreind** – færni í að nota tölur á árangursríkan hátt – greina form, flokka og draga ályktanir

**Rýmisgreind** – næmi fyrir rými, víddum, myndmáli, litum og lögun

**Tónlistargreind** – næmi fyrir takti og hljóði – færni í að tjá og skapa tónlist

**Samskiptagreind** – næmi fyrir hugarástandi, skapferli, líðan og þörfum annarra, að setja sig í spor annarra

**Sjálfsþekkingargreind** – færni í að greina eigið skapferli, veikar og sterkar hliðar og beita raunsæju sjálfsmati og sjálfsaga

Gardner telur að allir einstaklingar búi yfir þessum og jafnvel fleiri gáfum og geti beitt þeim öllum við að læra á mismunandi tímum. Þeir séu þó sterkari á svellinu á einu sviði en öðru. Kennurum er talið til tekna að vera heima í framangreindum kenningum og að það auðveldi þeim að skipuleggja sveigjanlegt nám.

## Fylgiskjal 4

---

### *Vegvísir um skóla án aðgreiningar - Working Guidelines on Integration*

Það sem hér fer á eftir er annars vegar tilvitnun úr *Working Guidelines on Integration* og hins vegar úr efni sem afhent var á fyrsta fundi í ráðuneytinu, *Funding Special Education*.<sup>26</sup> Því er heitið að fræðslufirvöldum umdæmanna verði séð fyrir fjármagni til úthlutunar, en sett eru skilyrði um að ráðstöfun fjárins verði á eftirfarandi hátt:

#### **Samræming þjónustu**

Einn aðili í hverju fræðsluumdæmi skal sjá um að samræma alla þjónustu við nemendur.

Leiðbeiningarþjónusta: Aðferða- og úrræðakennarar (e. methods and resource teachers) verði fengnir til liðs við bekkjarkennara. Auk þess: Kennarar sem kenna nemendum utan hópsins. Sjúkrakennarar til að kenna nemendum heima eða á sjúkrahúsum.

Stuðningur við kennara:

Stuðningsaðilar (paraprofessional support) til að aðstoða kennara og skóla við að framfylgja einstaklingsnámskrá.

Efni og áhöld sem nauðsynleg eru til að framfylgja einstaklingskennslu.

Ráðgjafarþjónusta, þ.e. handleiðsla, ráðgjöf, aðgerðir til að mæta persónulegum vandamálum sem upp koma, símenntun o.fl.

Sálfræðiþjónusta. Til að framkvæma námkvæma greiningu, aðstoða við að ákveða námsáætlun við hæfi og sinna ráðgjöf og samráði við nemendur, kennara og foreldra.

Heilbrigðisþjónusta: Viðurkenna verður í verki að þjónusta heilbrigðiskerfisins við að mennta nemendur með sérþarfir er nauðsynleg en framkvæmdin jafnframt flókin. Til að færa þetta til betri vegar þarf gagnkvæmt samstarf, samráð og samhæfingu. Sú staðreynd að fé til að sinna nemendum með sérþarfir er hjá báðum aðilum, skóla- og heilbrigðiskerfi og jafnvel öðrum, svo sem stjórn félagsmála og félagasamtökum, flækir málið. Auk þess getur þurft viðbótarfjármagn. Það útheimtir fjáruhlát að sameina kraftana og eiga samráð um að samnýta fé til að veita nemendum sem besta þjónustu.

---

26 *Funding Special Education, Trends and New Developments*, Thomas B. Parish, Jay G. Changers, Cassandra M. Guarino, Editors, Cprwin Press, Inc.1999

### *Staðsetning (almenn bekkjardeild eða sérúrræði)*

Ítrekað er að fræðsluyfirvöldum sé skylt, sé þess nokkur kostur, að tryggja að nemendur með sérþarfir hljóti í sem ríkustum mæli kennslu í venjulegum bekk við aðstæður sem gefa kost á samskiptum við aðra nemendur. Þó skal við framkvæmdina tekið fullt tillit til námsþarfa allra nemenda.

Markmiðið er að öll börn séu í almennum bekkjum eins lengi og unnt er og eins mikinn hluta kennslutímans og nokkur kostur er.

#### Leiðarljós, í lauslegri snörun:

Kennsla allra nemenda á að hefjast í venjulegum bekk og sérhverjum nemanda á að skapa skilyrði til að ná árangri þar.

Færsla nemenda með sérþarfir úr bekkjarkennslu skal einungis eiga sér stað þegar fullreynt er að kennsla og stuðningur sem unnt er að veita þar svarar ekki náms- eða félagslegum þörfum nemandans, eða ef óyggjandi vísbendingar eru um að færsla, tímabundin eða að fullu, er æskilegur kostur vegna velferðar viðkomandi nemanda eða annarra. Ef færsla úr bekk er úrskurðuð ætti að miða við að hún sé tímabundin og að henni fylgi áætlun sem miðar að endurkomu í venjulega bekkjardeild.

**Ef til vill er þýðingarmest af öllu að kennarinn finni öryggið sem því fylgir að vera hluti af teymi sem axlar í samelningu ábyrgðina á menntun nemenda með sérþarflr.**

**Enginn kennari á að standa einn og óstuddur við sitt vandasama verk.**

*Úr The Working Guidelines On Integration*

